

FJÓLSKYLDUFERÐ
TIL BALÍ

► 34



FORMÚLAN
HEFST UM
HELGINA ► 38



Mallorca

Vikulegt flug í sumar og
taskan ferðast frítt með!

Verð frá 35.900 kr.

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

14. mars 2015
62. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

NÁÐI BOTNINUM Í FANGELSINU

Ísak Freyr Helgason

er ein fremsta förðunarstjarna landsins. En átröskun,
alkóhólismi og stanslaus þörf fyrir viðurkenningu drógu
hann niður á botninn á skömmum tíma. ► 28



HEILSUGÆSLA Á HJÓLUM

María Ólafsdóttir og Hrönn
Hákansson aka með þjónustu
á milli þorpa í Írak. ► 30



Hilmar Snær Örvarsson

SKÍÐAR Á
EINUM FÆTI

► 46



MÍN SKOÐUN
JÓN GNARR

Á ég að verða forseti?

► 20

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



NÝR MAZDA6
FRUMSÝNING Í DAG

Lestu meira inn í blaðinu



OPIÐ

um helgina

KOLAPORTIÐ



Krínglan

ÚRVALIÐ ER
ENDALAUST

Í KRINGLUNNI FÆRÐU ALLT SEM ÞARF TI
HALDA GLÆSILEGA FERMINGARVEISL

GLEÐIFRÉTTIN

Hinseginvika í menntaskóla

Catamitus, hinseginfélag Menntaskólans í Reykjavík, efndi til hinseginviku nú í vikunni. Þetta er í fyrsta sinn sem þetta er gert í framhaldsskóla hér á landi. Dag-skráin var fjölbreytt með fyrirlestrum og fræðslu í bland við skemmtilega viðburði.

Adda Guðrún Gylfadóttir, stjórnar-meðlimur í Catamitus, hvetur aðra skóla til að taka sér þetta til fyrirmyndar, stofna hinseginfélög og halda hinseginvikur. Þess má geta að femínistafélag MR hélt fyrstu kvenréttindaviku sína í vikunni næst á undan.



FIMM Í FRÉTTUM: FANGELSI OG BYLTING



LÖKE-máli.

Ríkissaksóknari tilkynnti að fallið yrði frá stærstum hluta hluta ákæru á hendur **Gunnari Scheving Thorsteinsyni** sem ákærður er í svokölluðu



Hreiðar Már Sigurðsson.

fyrirverandi forstjóri Kaupþings, hóf afplánun á fimm og hálfis árs fangelsisdómi í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg á sunnudagskvöld en kom í vikunni á Kvía-bryggju þar sem hann mun sitja af sér.



Sigríður Friðjónsdóttir.

Ríkissaksóknari segir mikið álag á vera á dómskerfinu en allt að níu mánaða bið er eftir aðalmeðferð í einkamáli hjá Héraðsdómi Reykjavíkur.



Ráðist var á Þórólfi Árnason.

Ráðist var á **Þórólfi Árnason**, forstjóri Samgöngustofu, í vikunni. Árásarmaðurinn var handtekinn og Þórólfiur fékk aðhyllingu á slysa-deild Landspítalans. Hann var mættur aftur til vinnu á föstudag.



→ **Björk Guðmundsdóttir** söngkona segist vilja aðra byltingu á Íslandi og vonast til að með henni verði hægt að koma núverandi ríkisstjórn frá völdum. Í samtali við breska blaðið The Guardian sagði hún ríkisstjórnina vitfirra og gera allt hræðilega rangt.



VEDRAVÍTI Færð fyrir gangandi vegfarendur hefur ekki verið með besta móti síðustu vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsmenn bíða ópolinmóðir eftir að vorið gangi í garð: Óvægnar lægðir leika okkur grátt

VEDUR Veðurguðirnir hafa svo sannarlega sýnt landsmönnum mátt sinn og megin síðustu vikur og mánuði. Veðrið hefur haft það í för með sér að samgöngur, bæði í lofti og á jörðu niðri, hafa farið úr skorðum.

Veðurstofan hefur nú einnig gefið út viðvörðun að vegna mikilla rigninga í bland við hvasviðri og hátt hitastig er líklegt að leysingar skapi hættu á vatnsflóðum, votum snjóflóðum, krapaflóðum og skriðuföllum víða um landið. Óvissustigi vegna snjóflóða hefur einnig verið lýst yfir á Vestfjörðum. -sa

Nennir ekki freka karlinum: Byður sig ekki fram til forseta

STJÓRN MÁL Jón Gnarr, skemmtikraftur og fyrirverandi borgarstjóri í Reykjavík, ætlar ekki að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands á næsta ári.

Jón upplýsir um þetta í vikulegum pistli sínum, Minni skoðun, í Fréttablaðinu í dag. Ákvörðunina tók hann vegna þess að honum ói við þeirri tilhugsun að verða hluti af þeim „ömurlega og hallærislega kúltúr sem íslensk stjórnmálamenning sé“ og hann „nenni ekki að standa aftur andspænis freka kallinum“. -óka / sjá síðu 20



Ísland sagt í góðum málum: Halda þarf í stöðugleikann

EFNAHAGSMÁL Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) telur að efnahagsástandið á Íslandi sé orðið jafn gott og árið 2008.

Þetta kemur fram í skýrslu AGS um efnahagshorfur hér, en sjóðurinn hefur nýlengi senni fimmtu endurskoðun frá hrúni.

Jafnframt telur sjóðurinn að enn þurfi að hrinda af stað aðgerðum til að gæta fjármála-stöðugleika á Íslandi. Samkvæmt sjóðnum er það lykilmátriði að aflétta fjármagnshöftum og tryggja sjálfstæði Seðlabankans, að hann standist þrýsting vegna kröfu um launahækkunir og stækki gjaldeyrissvaraförða. -sfs

Leynigögn frá HSBC komin til Íslands

Aðilar sem tengjast Íslandi eru nefndir í gögnum úr útibúi HSBC-bankans í Sviss sem sýna skattaundanskot. Gögnin eru nú komin í hendur skattrannsóknarstjóra frá frönskum skattayfirvöldum. Viðræður við seljanda leynigagna standa enn yfir.

SKATTUR Skattrannsóknarstjóri hefur nú undir höndum gögn tengd Íslandi úr stórbankanum HSBC. Gögnin komu frá frönskum skattayfirvöldum, að sögn Bryndísar Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóra.



Bryndís Kristjánsdóttir.

Fjölmíðlar víða um heim greindu í febrúar frá rannsókn á skjölum sem sýndi að HSBC-bankinn hefði aðstoðað viðskiptavini við að fela fé og komast hjá því að greiða skatta. Skjölun um skattaundanskot voru frá útibúi bankans í Sviss sem fyrirverandi starfsmaður hans, Hervé Falciani, lak árið 2007.

Samkvæmt frásögn erlendra fjölmíðla nú í febrúar voru í gögnunum 18 bankareikningar í eigu sex aðila sem tengjast Íslandi. Greint var frá því að heildarfjárhæðin á þessum reikningum næmi 9,5 milljónum dollara og að hæsta fjárhæðin tengd einum þessara aðila næmi 8 milljónum dollara.

Bryndís vill ekki tjá sig um hvort svo sé. „Ég vil ekkert segja um þetta. Það er verið að fara yfir gögnin,“ segir hún.

Skattrannsóknarstjóri hefur einnig nýlega fengið hluta viðbótargagna frá Bretlandi sem beðið hefur verið eftir vegna rannsókna á skattaundanskotum. Bresk yfirvöld sendu skattrannsóknarstjóra í fyrra lista með nöfnum 10 Íslendinga sem tengjast svokölluðum skattaskjólum. Nöfn Íslend-



HSBC-BANKINN Á þessari mynd má sjá viðskiptavini bankans í London. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

inganna voru í leyniskjólum ICIJ, alþjóðlegs samstarfsvettvangs rannsóknarblaðamanna. ICIJ birti í hittifyrri niðurstöður víðamesta rannsóknarverkefnis síns sem er um skattaskjól en verkefnið er byggt á um 2,5 milljónum leyniskjala.

Samningaviðræður um kaup á gögnum með nöfnum nokkurra hundraða Íslendinga standa enn yfir, að því er Bryndís greinir frá. Eftir að hafa farið yfir sýnishorn af þessum gögnum í sumar sendi skattrannsóknarstjóri fjármálaráðuneytinu greinargerð í september. Það var mat skattrannsóknarstjóra að sýnishornin gæfu vísbendingar um skattaundanskot.

Í frétt á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins þann 3. desember síðastliðinn segir meðal annars í kjölfar erindis skattrannsóknarstjóra: „Meti skattrannsóknarstjóri það svo að gögnin geti nýst embættinu við úrlausn mála sem það sinnir og að mögulegt sé að skilyrða greiðslu til seljanda gagnanna þannig að þær nemi að hámarki tilteknu hlutfalli af innheimtu þeirra skattkrafta sem af gögnunum leiðir er ráðuneytið reiðubúið að tryggja þær fjárheimildir sem nauðsynlegar eru til að ráðast í öflum umræddra gagna, með eðlilegum fyrirvörum um samráð áður en til skuldbindinga er gengið.“

ibs@frettabladid.is

Mallorca

Allt innifalið

Verð frá 99.900 kr.*

og 12.500 Vildarpunktur

*Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi í eina viku 4. júní.

Verð fyrir 2 fullorðna í stúdíóíbúð 129.900 kr.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

Félag atvinnurekenda fagnar því að ríkið hlusti loksins á gagnrýnisráddir: Bjóða út kaup á flugfarmiðum fyrir starfsmenn hins opinbera

SAMKEPPNISMÁL Útboð á flugfarmiðum vegna ferða ríkisstarfs- manna mun fara fram á fyrri hluta ársins. Þetta kom fram í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu í gær.

Í gildi er samningur á milli ríkisins og Ícelandair eftir útboð sem fór fram árið 2011. Flugfélagið Iceland Express kærði útboðið til kæruneftar útboðsmála sem úrskurðaði að gallar hefðu verið á framkvæmd útboðsins. Undirbúningur nýs útboðs hefur staðið yfir hjá Ríkiskaupum.

Að sögn Ólafs Stephensen, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda, hefur ríkið dregið lappirnar í þessu máli í rúm tvö ár og að í auglýsingu á rammasamnings-

útboði Ríkiskaupa sem var birt 28. febrúar voru farmiðakaup ekki þar á lista.

Félag atvinnurekenda hefur áður gagnrýnt að útboð á flugfarmiðum hafi ekki verið sett í útboð þrátt fyrir lagaskyldu. „Við erum mjög ánægð með að gagnrýni og rökstuðningur okkar hefur skilad sér til fjármálaráðuneytisins,“ segir Ólafur. „Það er augljós hagr fyrir skattgreiðendur og auðvitað sjálfsgagt að keppinautar Ícelandair fái tækifæri til að vera hleypt að borðinu.“

Í tilkynningu ráðuneytisins kemur fram að við bókunir á ferðum á vegum ríkisins skuli huga að hagkvæmni og virða viðmiðunarreglur ráðuneytisins um góða



ÓLAFUR STEPHENSEN Félag atvinnurekenda hefur gagnrýnt fyrirkomulag. HARALDUR GUÐMUNDSSON

starfshætti við opinber innkaup. Þá skuli einkahagsmunir starfsmanna ekki vera að leiðarljósi við val á flugfélagi. -sfs

OPIÐ 10-18 LAUGARDAG
OPIÐ 13-18 SUNNUDAG

ÚRVALIÐ ER ENDALAUST

Í KRINGLUNNI FÆRÐU
ALLT SEM ÞARF TIL AÐ HALDA
GLÆSILEGA FERMINGARVEISLU

Fötin, gjafirnar, veitingarnar,
skreytingarnar og margt fleira.



GJAFAKORT KRINGLUNNAR
ER GJÖF AF ÖLLU HJARTA

Þú færð kortið á þjónustuborðinu á
1. hæð við Hagkaup eða á kringlan.is

Kringlan

9.3.2015 → 15.3.2015

70% af loðnukvótanum eru komin á land.



3 riðuveikitifelli og jafnmörg af garnaveiki hafa komið upp á síðustu vikum.

2,9 MILLJÓNIR

trjáplantna voru gróður-settar í fyrra, sem er það minnsta frá 1989.



40 milljónir fékk Hólaskóli óumbeðið af fjárlögum til að laga aðstöðu til reiðkennslu.

11,5 milljarðar króna er fjárfestingargeta þriggja nýrra sjóða sem komnir eru á legg.



376

eldri borgarar með gilt færni- og heilsumat bíða eftir að komast á hjúkrunar- eða dvalarheimili.



200 manns voru veðurteppir í Staðarskóla í Hrótafirði á sunnudag.



2 VIKUR

eru þangað til fyrstu lóurnar koma til landsins haldi þær hefð síðustu alda (sem er ósennilegt).

YFIR 80%


aðspurðra í skoðanakönnun Fréttablaðsins vilja skylda foreldra til að bólusetja börn sín.

88,5%

sætanyting var hjá WOW air í febrúar en 77,7% hjá Icelandair.

30-40%

dýrara er að fylla flugvél af bensíni á Egilsstaðflugvelli en í Keflavík.



FJÓRTÁN

þingmenn fengu Píratar ef kosið yrði til Alþingis nú, en þeir hafa þrjá í dag.



SÆVAR OG TRYGGVI Lögmaður erfingja þeirra Tryggva og Sævars hefur lagt fram beiðnina.

Vill að málið verði tekið upp: **Farið fram á endurupptöku**

DÓMSMÁL Lúdvík Bergvinsson, lögmaður erfingja Tryggva Rúnars Leifssonar og Sævars Ciesielski, hefur lagt fram endurupptöku-beiðni fyrir Endurupptökunefnd. Farið er fram á að dómur Hæstaréttar yfir Tryggva og Rúnari í Guðmundar- og Geirfinnsmálum verði tekninn upp aftur.

Beiðnin er byggð á niðurstöðum starfshóps um málið sem komst að því að framburðir sakborninga hafi ýmist verið falskir eða óáreiðanlegir. Því standi veigamikil rök til þess að málið verði tekið upp aftur. Þá er beiðnin einnig byggð á lögum um heimild til endurupptöku vegna látinna dómpöla. - skó, vt

Sameiginleg krafa lögð fram: **Vilja að laun hækki um 20%**

KJARAMÁL Félög iðnarmanna fara fram á 20 prósentu almennar launahækkanir og að byrjunarlaun verði 381.326 krónur á mánuði í sameiginlegri kröfugerð sem lögð var fram á fundi með Samtökum atvinnulífsins í gær.


Kröfugerðin byggir á endurskoðun á launakerfum með það að leiðarljósi að auka framleiðni, minnka yfirvinnu og leiðrétta laun iðnaðarmanna sem hafa hækkað minna en laun annarra hópa.

Áður höfðu Samtök atvinnulífsins lýst því yfir að svigrúm væri til 3-4 prósentu hækkana. - sfs

Dæmdir ofbeldismenn afplána dóma á Kvíabryggju

Fangelsun bankamanna hefur vakið hatrama umræðu. Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, hefur mátt sæta hótunum frá nafnlausum einstaklingum. 156 pláss eru til afplánunar dóma í fangelsum landsins.

SAMSETNING FANGA Í LJÓSI BROTA SEM PEIR HAFU VERIÐ DÆMDIR FYRIR



fangelsum. „Nýting er eins mikil og við treystum okkur til, út frá sjónarmiðum um öryggi og rekstrarútgjöld. Hvort tveggja þarf að vera í lagi,“ segir Páll.

Meðaltal refsinga sem verið er að afplána á Kvíabryggju er 63 mánuðir, lægsta refsing tveir mánuðir og hæsta refsing 16 ár. Á daginn kemur að flestir sem á Kvíabryggju eru hafa gerst sekir um fíkniefnabrot, eða níu. Næststærsti hópurinn sem er meðal þeirra tuttugu sem þar dvelja nú, eru menn dæmdir fyrir auðgunarbrot. Þrír dæmdir ofbeldismenn eru á Kvíabryggju, tveir sitja inni fyrir kynferðisbrot, þrír fyrir ofbeldisbrot og einn fyrir manndráps/tilraun. Þá er einn þeirra á meðal sem situr inni fyrir umferðarlagabrot.

Til samanburðar má skoða hvernig samsetningu fanga er háttáð á Sogni (sjá meðfylgjandi skýringarmynd). Meðaltal refsinga sem verið er að afplána á Sogni er 51 mánuður,

lægsta refsing er einn mánuður og hæsta refsing er 16 ár. Flestir þar eru dæmdir kynferðisbrotamenn, eða sex. Fimm eru vegna fíkniefnabrot, tveir vegna manndráps/tilraunar en aðeins einn fyrir auðgunarbrot. Spurður um hvað ráði samsetningunni vísar Páll til laga. Hann segir að sjónarmið um vistun fanga séu ræðilega tíuðuð í 14. grein laga um fullnustu refsinga.

Samkvæmt upplýsingum frá fangelsismálayfirvöldum eru 156 afplánunarpláss í boði. „Nýting er eins mikil og við treystum okkur til, út frá sjónarmiðum um öryggi og rekstrarútgjöld. Hvort tveggja þarf að vera í lagi,“ segir Páll, en í dag bíða 430 menn þess að sitja af sér sinn dóm. Samsetning þess hóps er önnur, það er mun styttri refsing vegna léttvægari brota, enda forgangsraðað í fangelsin.

Á Litla-Hrauni lítur samsetningin svona út: Meðaltal refsinga að baki dómi sem fangar afplána 13.3.2015



„Við getum ekki unnið eftir tíðaranda. Það er ekki okkar og við viljum ekki taka þátt í nútímanornabrennum. Við erum í réttarríki og vinnum eftir reglum.“

Páll Winkel fangelsismálastjóri

er 55 mánuðir, lægsta refsing er þrjú mánuðir, hæsta refsing er 16 ár. Flestir þar, eða fjórtán, sitja inni vegna ofbeldisbrota. Tólf eru inni vegna auðgunarbrot og kynferðisbrotamenn á Litla-Hrauni eru stór hluti fanga eða ellefu. Þeir sem sitja á Litla-Hrauni vegna fíkniefnabrot eru tólf. jakob@frettabladid.is

STUNDUM VILL MAÐUR BARA KLASSÍK. ÞÁ ER TÍMI FYRIR SÍGILT SÚKKULAÐI.

TÍMI FYRIR Lindo

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 16°	Friedrichshafen 9°	New York 10°
Apena 13°	Gautaborg 6°	Orlando 29°
Basel 13°	Kaupmannahöfn 6°	Ósló 6°
Berlín 6°	Las Palmas 19°	París 9°
Billund 6°	London 7°	San Francisco 20°
Frankfurt 8°	Mallorca 16°	Stokkhólmur 4°

Á MORGUN
Vaxandi vindur og úrkoma.

MÁNUDAGUR
15-23 m/s.

OFSAVEÐUR! Sunnanrok eða ofsaveður á landinu í dag með talsverðri rigningu um sunnan- og suðaustanvert landið. Miklar leysingar og vatnavextir og búast má við vindhviðum yfir 50 m/s og því ekkert ferðaveður fram eftir degi.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákadóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranarr Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIJÓNSTUAAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is



Cargo buxur,
2995,-

LINDEX

Leyfishafanámsskeið leigubílstjóra

Með vísun til laga nr. 134/2001 um leigubílfreiðar, gengst Samgöngustofa fyrir rekstrarleyfishafanámsskeiði fyrir leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd **dagana 23. - 27. mars 2015.** Þátttaka tilkynnist fyrir **20. mars** til Ökuskólans í Mjódd í síma **567-0300**



Suður Ameríka
9. – 27. nóvember
Glæsileg ferð um
Suður Ameríku:
Síle, Páskaeyjan,
Argentína, Úrugvæ og
Iguazu fossarnir.

Verð frá **986.900 kr.***
og 12.500 Vildarpunktar

Verð án Vildarpunkta 996.900 kr.
*Á mann í tvíbýli – mikið innifalið, sjá nánar á vita.is

Fararstjóri: Héðinn Svarfdal Björnsson

Flogið með Icelandair

VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

Norska stjórnin hefur samþykkt nýstárlegar stórframkvæmdir í samgöngum: Ráðist verður í gerð skipaganga

NOREGUR Norðmenn ætla að gera skipagöng í gegnum skagann Staðarnes, Stad, sem er í vesturhluta Noregs, nyrst í Sogni og Firðafylki. Skipaskurðir eru algengir en þetta verða fyrstu skipagöng sögunnar.

Göngin verða 1,7 kílómetrar þar sem nesíð er mjóst, sem jafnframt er innst á nesinu. Reiknað er með að hundrað skip eigi að geta siglt í gegnum göngin á hverjum sólarhring.

Heildarkostnaður er áætlaður 2,1 milljarður norskra króna, en

það jafnast á við riflega 35 milljarða íslenskra. Byggingartíminn er áætlaður fjögur til fimm ár.

Göngin sjálf verða 37 metrar á hæð, eða álfka og hálf hæð Hallgrímskirkjútúrns, og 36 metrar á breidd, en skipaskurðurinn innan þeirra verður 26,5 metra breiddur og 12 metra djúpur.

Siglingaleiðin fyrir vestasta hluta Noregs stýttist þar með til muna og verður jafnframt öruggari því verstu veðrin eru einmitt við utanvert nesíð.



SIGLT Í GEGNUM FJALL Skipagöngin verða 1,7 kílómetra löng, 37 metrar á hæð og 36 metrar á heildarbreiddina. MYND/STAD SKIPSTUNNEL



Í GRÍMSNESI Sveitarstjórnin hafnaði beiðni um að stækka 494 fermetra sumarhús og byggja við það þyrlupall fyrir auðkýfinga. MYND/LOFTMYNDIR

Neitað um þyrlupall fyrir forríka túrista

Fyrirtækið Iceland Europe Travel segir vanta fimm störu gistingu á Íslandi fyrir forríka Kínverja sem séu tilbúnir að borga hálf milljón króna á dag á ferðalögum.

FERÐAÞJÓNUSTA Hildur Jóna Gunnarsdóttir hjá Iceland Europe Travel segir sterkefnaða Asíubúa hafa mikinn áhuga á ferðalögum til Íslands en telji gistingu hér engan veginn standast samamburð við það sem bjóðist annars staðar í Evrópu – hvað þá Asíu. Þetta kemur fram í bréfi Hildar til Grímsnes- og Grafningshrepps þar sem hún spyrst fyrir um möguleika þess að stækka tæplega 500 fermetra fokhelt sumarhús við Miðengi í Grímsnesi úr fjórum svefnherbergjum í átta.

„Við munum ekki fara af stað með Miðengið fyrr en við getum haft vissu fyrir að þar verði hægt að byggja upp fimm störu aðstöðu og til þess að svo megi verða þurftum við að hafa sveitarfélagið hliðhollt okkar hugmyndum,“ skrifar Hildur sveitarstjórninni.

Meðal forsvarsmanna Iceland Europe Travel (IET) er Jónína Bjartmarz, fyrrverandi umhverfisráðherra. Að sögn Hildar er IET í samstarfi við kínverskt lífsstílsfyrirtæki. Meðlimir þess séu tilbúnir að greiða hálf milljón króna á dag á ferðalögum. Íslandskynning IET hafi vakið mikla athygli á afmælishátíð í Peking þar sem sendiherra Íslands hafi verið viðstaddur aðalkvöldverð.

„Það er óborganlegt fyrir ykkur og Ísland að komast að með svona eftirminnilegum hætti meðal ríkustu Kínverjanna!“ vitnar Hildur



„Það er óborganlegt fyrir ykkur og Ísland að komast að með svona eftirminnilegum hætti meðal ríkustu Kínverjanna!“

Stefán Skjaldarson, sendiherra Íslands í Kína



ÚTHLÍÐ Fyrirmynd IET fyrir lúxusgistingu í Grímsnesi er glæsibýggingar í Úthlíð sem ekki munu lengur anna eftirspurn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

í kveðju sem hún fékk frá Stefáni Skjaldarsyni sendiherra.

Hildur segir að IET hafi í fyrrahaust boðið útsendurum frá Asíu til Íslands. „Það er skemmst frá því að segja að viðbrögðin við fegurðinni og birtunni í náttúrunni, ferskleiki matarins og hlýleiki fólksins heilladi þá algerlega. Hins vegar urðu þeir fyrir miklum vonbrigðum með þá gistingu sem hér er boðið upp á,“ segir í bréfi Hildar sem kveður skjólstæðingum sínum finnst gisting í Úthlíð standa langt upp úr. Þar á Hildur við byggingar sem Jóhannes Stefánsson í Múlakaffi rekur.

„Þar dvelja þeir ríku og stundum frægu sem hingað koma, nýlega var söngkonan Beyoncé þarna í nokkra daga, um áramótin var konungurinn frá Katar ásamt fylgarliði hjá honum í fimm daga,“ segir Hildur og á þar væntanlega við emírinn sjeik Tamim bin Hamad Al Thani.

Í Úthlíð segir Hildur boðið upp á átta tveggja manna herbergi sem hvert kosti 250 þúsund krónur á sólarhring. „Þar er þyrlupallur, vínkjallari, heitir pottar og gufa og þjónar kallaðir til eftir þörfum.“

Hildur segir IET þegar komið með fyrirsögnir fyrir komandi sumar. „Til dæmis frá ferðaklúbbi sem er aðallega að taka fólk til Parísar, þar sem menn leigja meðal annars kastala og láta til dæmis loka fyrir sig La Fayetteverslunarmiðstöðinni til þess að kaupa alvöru merkjavöru,“ lýsir hún væntanlegum viðskiptavinum fyrir sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ófullgerða húsið í Miðengi segir Hildur vera „gapandi minnismerki um góðærið“ en að staðsetningin sé einstök. „Það er mikil synd að þetta fallega hús sé ekki að vinna fyrir sér því húsið býður upp á gríðarlega möguleika,“ skrifar hún sveitarstjórninni, sem ekki varð við óskum hennar um stækkun hússins og aðrar framkvæmdir: „Ekki er fallist á byggingu þyrlupalls inni í miðju frístundahúshverfi vegna mögulegs ónæðis fyrir nágranna.“

Húsið sem um ræðir var byggt sem frístundahús fyrir einkaaðila og hefur staðið fokhelt og óselt frá því í hrúninu. gar@frettabladid.is

Allsherjaratkvæðisgreiðsla til kjörs stjórnar og trúnaðarráðs Félags íslenskra rafvirkja.

Viðhöfð verður allsherjar póstatkvæðisgreiðsla til stjórnarkjörs **Félags íslenskra rafvirkja.**

Kjörfundur hefst **7 sólahringum** eftir birtingu þessarar auglýsingar.

Kjörgögn verða send atkvæðabærum félagsmönnum og þurfa atkvæði að berast kjörstjórn fyrir lok kjörfundar sem er

kl. 16. Pann 31. mars 2015.

Reykjavík 14. mars 2015.

Kjörstjórn félags íslenskra rafvirkja





Innovation
that excites

NÝR NISSAN X-TRAIL



Öryggishjúpstækni Nissan tekur við skilaboðum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til 8 mismunandi öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.

NISSAN X-TRAIL
ACENTA, DÍSIL / EYÐSLA 5,1 L/100 KM*

5.490.000 KR.

Sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

*Miðað við uppgæfnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

OPIÐ Í DAG KL. 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL


ORKUSTOFNUN

Kolvetrnis rannsóknarsjóður

- auglýsir eftir styrkumsóknum

Umsóknarfrestur er til **30. apríl 2015**

Kolvetrnisrannsóknarsjóður er mennta- og rannsóknarsjóður í tengslum við kolvetrnisstarfsemi á Íslandi. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðar- og viðskiptaráðherra, en Orkustofnun annast daglega umsýslu hans.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því að efla rannsóknir og vísindalega þekkingu á kolvetrnisauðlindum á landgrunni Íslands og á skilyrðum til myndunar þeirra, ásamt rannsóknum á tækni sem beita má við þær aðstæður er þar ríkja.

Áherslur við úthlutun 2015:

Rannsóknir á setlögum frá því fyrir opnun Norður-Atlantshafsins á Jan Mayen hryggnum.

Ýmsar aðferðir á sviði setlagfræði, jarðefnafræði, jarðeðlisfræði og jarðfræði má nota við rannsóknirnar. Við skipulag rannsókna ber að hafa í huga opunarsögu Norður-Atlantshafsins og áhrif hennar á jarðfræði rannsóknarsvæðisins.

Umsókn skal senda rafrænt í gegnum vef Orkustofnunar
www.os.is

Í Þýskalandi er krafist 5,5 prósentu launahækkunar



MÓTMÆLANDI MEÐ STOPPMEKRI Kennarar og starfsfólk í opinberri þjónustu í Þýskalandi stóðu í gær í verkfallsaðgerðum, þriðja daginn í röð. Fólk kom meðal annars saman til mótmælafunda í Stuttgart, líkt og sjá má hér að ofan. Verkalýðsfélagið Vereinte Dienstleistungsgewerkschaft, eða ver.di, segir farið fram á 5,5 prósentu kauphækkun og aukin lífeyrisréttindi fyrir um 800 þúsund manns í þjónustugeira.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Handbært fé er um helmingur af eignum slitabús:

Eignir upp í kröfur 800 milljarðar króna

VIÐSKIPTI Bókfært virði eigna Kaupþings nam 799,8 milljörðum króna í árslok 2014. Handbært fé er rúmlega helmingur af því. Útstandandi kröfur nema hins vegar 2.825,6 milljörðum króna. Eignir nema því rétt rúmlega 28 prósentum af kröfum. Kröfuhafafundur var haldinn í fyrradag þar sem niðurstaðan var kynnt.

Vísir greindi frá því á dögunum að eignir slitabús Glitnis banka nema tæplega 963 milljörðum íslenskra króna en kröfurnar nema 2.271 milljarði króna. Búið á því um það bil 42 prósent upp í



**JÓHANNES
RÚNAR
JÓHANNSON**

kröfur. Í tilkynningu frá Kaupþingi kemur fram að eignir Kaupþings jukust um 21,7 milljarða á liðnu ári eða um 2,8 prósent. Því til viðbótar voru í árslok, 19,2 milljarðar króna geymdir á vörslureikningi til að mæta umdeildum forgangskröfum.

Heildarfjárhæð úti-standandi krafna í kröfuskrá lækkaði um 53,7 milljarða á árinu og nam 2.825,6 milljörðum króna í árslok. Ástæður þessarar lækkunar má að mestu leyti rekja til úrlausna ágreiningsmála.

- jhh

Heilbrigðisvísindamenn kalla eftir aðgerðum:


Heimurinn tóbaks- laus eftir þrjátíu ár

HEILBRIGÐISMÁL Heimurinn getur orðið tóbakslaus innan 30 ára standi vilji stjórnvaldamanna til þess.

Þetta skrifar hópur alþjóðlegra heilbrigðisvísindamanna í ritið The Lancet. Þeir kalla eftir því að aðgerðir gegn tóbaksíðnaðinum verði hertar.

Ætlað er að einn milljarður manna látist af völdum tóbaksnotkunar á þessari öld verði reglur ekki hertar. Það er mat sérfræðinganna að áttatíu prósent dauðsfallanna verði í fátækari löndum heimsins.

Skilgreining sérfræðinganna á tóbakslausum heimi er þegar færri en fimm prósent fullorðinna nota tóbak.



HERTAR AÐGERÐIR Hópur alþjóðlegra sérfræðinga vill hertar aðgerðir gegn tóbaksíðnaðinum.

- ibs

NORDICPHOTOS/AFP

Hraðþjónustu- námskeið

18. mars í Borgartúni 18
19. mars í Höfðaútibúi

Á námskeiðinu verður farið yfir möguleika Arion appsins, netbankans og hraðbankanna og hvernig best er að nýta þessar þjónustuleiðir.

Gott er að koma með sína eigin tölvu og síma en á staðnum verða einnig nokkrar tölvur.

Námskeiðið stendur yfir milli kl. 17 og 19. Allir viðskiptavinir velkomnir.

Skráning á arionbanki.is.


Arion banki

Stórhundakynning um helgina

ALLT DÝRAFÓÐUR OG VÖRUR 20 TIL 30% AFSLÁTTUR



STÓRHUNDAKYNNING ★ DAGSKRÁ FRÁ 13:00 TIL 17:00 ★ LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Á ÚTISVÆÐINU: KRAKKARNIR FÁ AÐ SITJA Á SLEÐA DREGNUM AF SLEÐAHUNDUM ★ Í GRÓÐURHÚSINU: SPJALLIÐ VIÐ REYNDA HUNDAEIGENDUR ★ KYNNIÐ YKKUR YFIR 20 TEGUNDIR STÓRRA HUNDA ★ HUNDAÞJÁLFUNARRÁÐGJÖF ★ DÝRALÆKNIR ★ KYNNINGAR Á FÓÐURVÖRUM ★ LUKKUPOTTAR O.FL.

ARION Friends

ROYAL CANIN

PRO PLAN

Hill's

RAUTT & GRILL
19. MARS

★ NOKKUR SÆTI LAUS ★

STÓRSKEMMTILEGT GRILLNÁMSKEIÐ
OG VÍNKYNNING HJÁ GRILLSKÓLA
GARDHEIMA OG WEBER - SJÁ NÁNAR Á GARDHEIMAR.IS



SPÍRAN

BORÐUM VEL

HELGARTILBOD

- › ÍS 150KR
- › KAFFI OG CROISSANT 490KR
- › TERTUSNEIÐ OG KAFFI 690KR
- › MEXÍKÓSK KJÚKLINGASÚPA 1090KR

20% AFSLÁTTUR AF
FERMINGARVÖRUM

GEGN FRAMVÍSUN FERMINGARBRÉFSINS



LÆRBU ALLT
UM RÆKTUN
KRYDDJURTA



FYRIRLESTUR MEÐ VILMUNDI HANSEN
GARBYRKJUFRAÐINGI KL. 12.00 Á LAUGARDAG
AÐGANGUR ÓKEYPIS

20%

Öll fræ, ýmsar
sáðvörur og mold
með 20% afslætti



VORLAUKARNIR KOMNIR
GLÆSILEGT ÚRVAL



GARDHEIMAR

Stekjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Frá kr.
126.600

23. apríl í 4 nætur

Gardavatnið

Gardavatn á Ítalíu er margrömað fyrir einstaka náttúrufegurð og fjölbreytni en vatnið liggur í skjóli Alpanna í norðri en í suðri er Pósléttan. Fjöll og hamraveggir, vínviður, ólífutré, litlar bryggjur, baðstrendur og rómantískir göngustígar meðfram vatninu, ásamt smábæjum sem iða af mannlífi. Þetta ásamt angan af góðum mat og drykk er það sem einkennir lífið við Gardavatn.

Sérferð



Gardavatnið

Á sumardaginn fyrsta höldum við til hins fagra Gardavatns. Frá Verona flugvelli er ekið sem leið liggur til smábæjarins Malcesine sem stendur við norðausturenda vatnsins en þangað er rúmlega klukkutíma akstur. Dvalið í 4 nætur í þessum undurfagra bæ en þar setur Scaligero kastalinn sterkan svip á umhverfið og í bakgrunni gnæfir fjallið Monte Baldo. Möguleiki er að taka kláf upp á topp fjallsins en þaðan er óviðjafnanlegt útsýni yfir eina rómuðustu náttúruperlu Norður-Ítalíu. Bærinn er einstaklega skemmtilegur með þröngum hellulögðum strætum, litlum veitingastöðum, kaffihúsum og spennandi sérværslunum og er mikið eftirlæti ferðamanna.

Netverð á mann frá kr. 126.600 m.v. 2 í herbergi.

Gönguferð



Léttganga um Gardavatnið

Á sumardaginn fyrsta höldum við til hins fagra Gardavatns þar sem dvalið verður í fjórar nætur á góðu 4* hóteli í bænum Malcesine við norðausturhorn vatnsins. Þaðan verður haldið í léttar og spennandi gönguferðir eftir fallegum stígum milli litskrúðugra þorpa, gróðursælla lunda og fjallstinda með óviðjafnanlegu útsýni yfir eina rómuðustu náttúruperlu Norður-Ítalíu. Gönguferðin telst létt og hentar því öllum sem eru í tiltölulega góðu formi. Áhersla er lögð á „að grípa daginn“ og að kynnst náði; jafnt náttúru, menningu og sögu íbúanna við Gardavatnið, ásamt því að njóta ríkulegra hefða þeirra í mat og drykk.

Netverð á mann frá kr. 126.600 m.v. 2 í herbergi.

Þjófnaðir hafa ekki verið færri í höfuðborginni síðan í desember árið 2007: Færri ræningjar á ferð í febrúar

LÖGREGLUMÁL Tilkynningum um þjófnaði hefur fækkað verulega og hafa þær ekki verið færri síðan í desember 2007. Þetta kemur fram í skýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um afbrot í febrúar.

Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu barst 561 tilkynning um hegningarlagaabrot í febrúar. Tilkynnt var um 259 þjófnaði í mánuðinum en einungis tvisvar hafa færri þjófnaðir verið tilkynntir síðan samræmdar skráningar hegningarlagaabrota höfust.

Ofbeldisbrotum hefur þó fjölgað um 15 prósent á þessu ári samanborið við síðastliðin þrjú ár. Lögregla telur að ástæðan sé fleiri tilkynningar vegna heimilisofbeldis og nýtt verklag lögreglu við að taka á ofbeldismálum.

Í febrúar fækkaði almennum hegningarlagaabrotum, ofbeldi gegn lögreglumönnum, fíkniefna- og ölvunarakstri, innbrotum og eignaspjöllum. Hins vegar fjölgaði umferðalagaabrotum og slysum, fíkniefnaabrotum og nytjastuldi. - srs



LÖGREGLAN Ofbeldisglæpum hefur fjölgað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Loftið í Kreml sagt vera lævi blandið

Hávær orðrómur um veikindi Pútíns fór af stað í vikunni eftir óvenjulanga fjarveru hans frá fjölmiðlum. Aðrir velta fyrir sér hvort harðvítugar innherjadeilur standi nú yfir í Kreml og hallarbylting sé jafnvel í vændum. Vandí er um slíkt að spá.

RÚSSLAND Undanfarna daga hafa miklar vangaveltur farið af stað um það hvort Vladímír Pútín Rússlandsforseti hafi veikt hastarlega, jafnvel fengið heilablóðfall. Fjarvera hans úr fjölmiðlum var höfð til marks um þetta. Hún þótti orðin óvenju löng.


Talsmaður hans bar þessar fréttir til baka og sagði hann við hestaheilsu. „Handtak hans er svo kraftmikið að hann brýtur hendur með því“, sagði talsmaðurinn, sem heitir Dmitrí Peskov, í blaðaviðtali á fimmtudaginn.

Aðrir hafa svo gengið lengra og rakið ýmis merki þess að harðvítug valdabaráttá standi nú yfir bak við múrana í Kreml. Jafnvel megi búast við hallarbyltingu.

Á fréttasíðum vestrænna fjölmiðla á borð við Time og Bloomberg má sjá vangaveltur um þetta, þar sem meðal annars er vitnað í Andrei Illarjonov, fyrrverandi efnahagsráðgjafa Pútíns.

Time minnir á að Illarjonov hafi spáð um innlimun Krímsskaga í fyrra þremur vikum áður en af henni varð. Bloomberg bendir reyndar á að hann hafi einnig spáð ýmsu öðru, sem ekki hefur ræst. Meðal annars hafi hann spáð því að Pútín myndi reyna að ná undir sig bæði Eystrasaltslöndunum og Finnlandi.

Illarjonov heldur því fram að innan fárra daga muni Dmitrí Medvedev forsætisráðherra segja af sér, en við embættinu taki Sergej Ivanov, fyrrverandi varnarmálaráðherra. Í beinu framhaldi verði svo gerð „herforingjabylting“ og Pútín sjálfur



VLADÍMÍR PÚTÍN Forseti Rússlands virðist hafa í nógu að snúast þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

sviptur völdum. Það muni ganga hratt fyrir sig.

Hörð átök eru sögð milli hópa og einstaklinga í innsta hring Pútíns. Þar takist meðal annars á „haukar“ og „dúfur“, en haukarnir komi úr hernum og leynihjónustunni en dúfurnar tengist frekar viðskiptalífni og frjálslyndari öflum.

Þessi átök hafi harðnað í kjölfar morðsins á Boris Nemtsov, einum helsta andstæðingi Pútíns, í lok síðasta mánaðar. Spennan hafi verið mikil fyrir vegna styrjaldarinnar í Úkraínu, refsiaðgerða Vesturlanda, lækkandi olíuverðs, gengishruns og versnandi efnahags.

“Handtak hans er svo kraftmikið að hann brýtur hendur með því.”

Dmitrí Peskov, talsmaður Pútíns

Andrúmsloftið er sagt svo lævi blandið að menn séu farnir að óttast að fleiri verði myrtir á næstunni. Félagi Nemtsovs, fréttamaðurinn Alexei Venediktov, beið ekki boðanna og flúði til Ísraels á mánudaginn. Og tók son sinn með.

Venediktov sagðist hafa fengið upplýsingar um að hann gæti orðið næstur í röðinni.

gudsteinn@frettabladid.is

Meint brot Julians Assange eru að fyrnast: Svíar vilja nú hitta Assange í London

SVÍPJÓÐ Í ágúst verða fimm ár liðin frá því að tvær konur í Svíþjóð sökuðu Julian Assange um kynferðisbrot. Þar með fyrnast hin meintu brot, samkvæmt sænskum lögum.

Þetta er, að sögn sænska saksóknarans Marianne Ny, meginástæða þess að nú fellst hún á að hann verði yfirheyrður í London. „Skoðun mín hefur alltaf verið að gæði yfirheyrslunnar yrðu minni ef hún færi fram í sendiráði Ekvadors í London“, segir Ny í yfirlýsingu. „Nú þegar tíminn skiptir öllu hef ég því talið nauðsynlegt að fallast á slíka annmarka.“

Assange hefur dvalið í sendiráði Ekvadors frá því í ágúst árið 2012. Allan þann tíma hefur hann boðist til þess að svara spurningum



JULIAN ASSANGE Hefur hafst við í sendiráði Ekvadors í London í tvö og hálf ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

sænska saksóknarans þar. Fyrir nokkrum vikum skýrðu breskir fjölmiðlar frá því að lögregluvörður við sendiráðið, allan sólarhringinn frá því í ágúst 2010, hefði kostað breska ríkið tíu milljónir punda. Það samsvavar ríflega tveimur milljörðum króna.

- gb

Stolinn bíll



Bílur okkar var stolið í Vesturbænum á föstudaginn.

Lexus, bílnúmer **YK-847**, silfurgrár jeppi, tegund RX-300. Svartar rákir á afturstuðara. (Hugsanlega er buið að skipta um bílnúmer.)

Ef sést til bílsins, vinsamlega látið lögregluna vita í síma **444 1000 eða 112**.



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir



Uppáhaldstími ársins er núna.

Tiguan R-Line 4Motion 2.0 TDI
fjór hjóladrífinn og sjálfskiptur:
6.444.444 kr.

Tiguan R-line aukahlutapaki
að verðmæti 750.000 kr. fylgir.

VW Tiguan R-Line kemur drekkhlaðinn af þægindum með vetrardekk, dráttarkrók, Webasto bílahitara, fjarlægðarskynjara með bílastæðaaðstoð, bakkmyndavél, leiðsögukerfi o.fl. Taktu skrefið til fulls með Tiguan R-Line.

Tiguan R-Line 4Motion 2.0 TDI fjór hjóladrífinn og sjálfskiptur

- Dráttarkrókur
- Vetrardekk
- Webasto bílahitari
- Bakkmyndavél
- Leiðsögukerfi
- Fjarlægðarskynjari
- Panorama sóllúga
- 18" álfelgur
- Svæðaskipt miðstöð
- Hiti í speglum og sætum
- Alcantara leðursæti
- Bluetooth
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Færanleg aftursæti á sleðum
- Stöðugleikastýring
- Skriðvörn
- Regnskynjari

Verð: **6.444.444 kr.**

Opið í dag klukkan 12-16.



Das Auto.

SAMSKIPTI ÍSLANDS OG EVRÓPUSAMBANDSINS

Pingmenn stjórnarandstöðunnar segja ólíklegt að þingstörf verði með hefðbundnum hætti næstkomandi mánudag:

Stjórnarandstaðan gáttuð á útspili utanríkisráðherra

ALPINGI Bréf utanríkisráðherra til ESB um slit á viðræðum Íslands við Evrópusambandið hefur mætt mikilli andstöðu. Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa sent Johannesi Hahn, framkvæmdastjóra aðildarviðræðna Evrópusambandsins, bréf þar sem þeir segja að þingsályktunartillagan frá 16. júlí 2009 hafi ekki verið felld úr gildi.

Þá hafnaði Einar K. Guðfinnsson þingforseti í gær beiðni stjórnarandstöðu um þingfund til að ræða bréf utanríkisráðherra. Þing kemur því saman á mánudag.

„Alveg ljóst er að ekki verða hefðbundin þingstörf á mánudag, það er óhætt að segja,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar. „Augljóst er að utanríkisráðherra og ríkisstjórnin hafa ekki treyst sér til að ná þingsályktun um afturköllun á viðræðum í gegnum þingið. Því reyna þeir að finna einhverja leið til að þvinga fram slit á aðildarviðræðum, án þess að spyrja þing eða þjóð.“ Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, segir verið að skerða völd þingsins og að fasísk vinnubrögð séu látin viðgangast. „Stjórnar-

andstaðan er samhent á þessum örlagaríku tímum. Svona vinnubrögð í átt að fasisma verða ekki liðin. Nú er verið að draga tennurnar úr þinginu á sama hátt og var gert við þýska þingið fyrir seinni heimsstyrjöld. Þetta hefst alltaf þannig að þingið er gert óstarfhæft. Því verð ég að spyrja hvort við viljum fara þangað,“ segir Birgitta. „Það er alveg ljóst að ráðherra er umboðslaus með að koma með yfirlýsingar um að aðildarferlinu sé lokið. Þarna fer hann á svig við þingræðið.“



„Nú er verið að draga tennurnar úr þinginu á sama hátt og var gert við þýska þingið fyrir seinni heimsstyrjöld. Þetta hefst alltaf þannig að þingið er gert óstarfhæft.“

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata

- sa

Gamlir formenn Framsóknar forviðaða

Valgerður Sverrisdóttir segir ummæli framsóknarmanna reka hana í Samfylkinguna. Jón Sigurðsson segir útspil ríkisstjórnarinnar nú grófari aðför gegn þingræðinu en þegar Ísland fór á lista hinna viljugu þjóða í stríðinu gegn Írak.

STJÓRN MÁL Valgerði Sverrisdóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, finnst að verið sé að reka hana yfir til Samfylkingarinnar með yfirlýsingum um að kosið hafi verið um aðild Íslands að ESB í síðustu kosningum. „Ég hef ekki viljað gefast upp á þessari ríkisstjórn en það hafa margir látið sig hverfa, meðal annars út frá Evrópumálum,“ segir Valgerður.

„Mér sárnar þegar framsóknarmenn segja að búið sé að kjósa um Evrópumál í síðustu kosningum. Mér finnst verið að reka mig yfir til Samfylkingarinnar með því að vera með þessar yfirlýsingar.“

Bréf Gunnars Braga Sveinssonar til Johannesar Hahn, framkvæmdastjóra aðildarviðræðna ESB, hefur mætt mikilli andstöðu. Ljóst er að fyrrverandi forsvarsmenn Framsóknarflokksins eru ekki sammála þeirri stefnu sem flokkurinn rekur nú.

Jón Sigurðsson, sem var formaður-

ur Framsóknarflokksins 2006-2007, er einnig óánægður með vinnubrögð ríkisstjórnar Íslands í málinu. Telur hann vinnubrögðin vera aðför að stjórnskipun lýðveldisins með því að taka málið ekki fyrir í utanríkisráðgjafanefnd. „Ef minn skilningur á þessu máli er réttur hefur ákaflega lítið breyst síðan Óssur lét hægja á ferlinu. Evrópusambandið segir að málið sé einfaldlega lagt til hliðar,“ segir Jón. „Hins vegar er alveg ljóst að með þessu hefur ríkisstjórnin troðið á stjórnskipun lýðveldis-

ins Íslands með því að taka málið ekki fyrir í utanríkisráðgjafanefnd. Að mínu mati er þetta grófara en þegar ákveðið var að setja Ísland á lista hinna viljugu þjóða í stríðinu gegn Írak,“ segir Jón.

Valgerður telur líklegt að pólitískt landslag verði gjörbreytt eftir tvö ár þegar kosið verður á nýjan leik til Alþingis. „Það getur margt breyst þangað til kosið verður næst. Við skulum athuga að það verður til nýr flokkur á hægri vængnum sem hefur aðra stefnu í Evrópumálum en núverandi stjórnvöld. Það verður því líklega allt annað landslag í næstu kosningum,“ segir Valgerður.

Að mati Jóns eru vinnubrögð stjórnvalda aðalatriðið í málinu. Aðild Íslands að ESB er ekki aðalatriðið. „Hér eru líklega engar breytingar andspænis ESB en ég harma að svona skuli farið með stjórnskipun Íslands. Að mínu mati er hér á ferð klunnaleg leið til að sýna stjórnarskrá Íslands fyrirlitningu.“

sveinn@frettabladid.is



fti.

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs

Samkvæmt 32. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnaði skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

32. gr.

Stjórn félagsins skal einum mánuði fyrir aðalfund ár hvert auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður samkvæmt 22. gr.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar fyrir aðalfund og skal tillögum skilað til kjörstjórnar RSÍ innan þess tíma.

Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12.00 miðvikudaginn 8. apríl 2015 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.

Reykjavík 13. mars 2014.

Stjórn Félags tæknifólks í rafiðnaði

Aðalfundur VR

Miðvikudaginn 25. mars kl. 19:30 á Hilton Nordica

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, innborgun í VR varasjóð, lagabreytingar og ný reglugerð Vinnudeilusjóðs VR.

Dagskráin og allar nánari upplýsingar á vr.is.

Taktu þátt í baráttunni fyrir réttindum þínum!



PRÚÐBÚNIR Helgi Bernódsson, skrifstofustjóri Alþingis, tekur á móti heiðursgestinum, Ólafri Ragnar Grímssyni, forseta Íslands. Lítil hópur mótmælenda hafði tekið sér stöðu fyrir utan Hótel Sögu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Enginn stjórnarandstöðuþingmaður mætti í Súlnasal: Fámennt á árshátíð þingmanna

ALPINGI Stjórnarandstaðan sá sér ekki fært að mæta á árshátíð Alþingis í gær sem haldin var á Hótel Sögu. Ástæða þess að stjórnarandstaðan sniðgekk veisluna var sú að ríkisstjórnin sniðgekk þingið í Evrópusambandsmálinu. Árshátíð þingmanna var ekki haldin á síðasta kjörtímabili vegna sparnaðaraðgerða en þessi hefð hefur nú verið endurvakin. Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, sagði í gær ekki hægt að neita þingmönnum um þingfund og hundsá vald þingsins, en þjóða síðan í partí um kvöldið.

Heiðursgestur gleðinnar er ávallt forseti Íslands. Spariklæðnaður er áskilinn og mæta þingmenn oftast nær í sínu fínasta þússi til veislunnar. Forseti þings býður til veislunnar og segir í boðinu: „Að vanda verður mælendaskrá opnuð eftir að sest verður til borðs, en einungis má ávarpa samkomuna í bundnu máli og eftir ævafornum bragarreglum, með höfuðstöfum og stuðlum.“

- sa

RENAULT CAPTUR BÍLL ÁRSINS



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

DÍSIL, BEINSKIPTUR. 3,6 l/100 km*
VERÐ: 3.490.000 KR.

DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. 3,9 l/100 km*
VERÐ: 3.790.000 KR.

Innifalið í verði: 17" álfelgur, tvílitur, skyggðar rúður, leiðsögubúnaður með Íslandskorti, tölvustýrð loftkæling, LED dagljós, bakskynjarar, handfrjálssímabúnaður (Bluetooth), start/stopp ræsibúnaður, regnskynjarar á rúðupurrkum.

OPIÐ Í DAG KL. 12–16

DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Renault var þriðji mest keypti bíllinn á Íslandi 2014. Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla með einstaklega hagkvæmri „Dual Clutch“ sjálfskiptingu. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault.



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



mazda

ZOOM-ZOOM



**VERÐ FRÁ
3.990.000 KR.
KOMDU OG REYNSLUAKTU
MAZDA6**



SKYACTIV SPARTÆKNI

Sparaðu með SKYACTIV spartækni Mazda. Eyðsla frá aðeins 4,2 l/100 km. Fáanlegur fjórhjóladrifinn (AWD).



NÝ LED AÐALLJÓS

Rennileg lýsing þökk sé nýjum aðlögunarhæfum LED aðalljósum.



NÝTT MULTIMEDIA KERFI

Nýtt Multimedia kerfi með 7" snertiskjá, nú fáanlegt með GPS vegaleiðsögukerfi og Íslandskorti.

NÝR MAZDA 6

FRUMSÝNING Í DAG
MILLI KL. 12 OG 16



STERKLEGRA OG FÁGAÐRA ÚTLIT

Glæsilega KODO hönnunin hefur verið tekin skrefinu lengra með enn sterklegra og fágaðra útliti.



NÝTT INNRA RÝMI

Þægindi og glæsileiki eru í fyrirrúmi í nýja Mazda6 með nýrri innréttingu og fyrsta flokks hljóðeinangrun.

 red dot design award

MAZDA. DEFY CONVENTION.

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

10 ÁRA AFMÆLI MAZDA
by Brimborg

Öruggur staður til að vera á

SAMSKIPTI ÍSLANDS OG EVRÓPUSAMBANDSINS

Með ólíkindum að hundsa nefnd

Björg Thorarensen lagaprófessor segir utanríkisráðherra hafa skýra heimild til að gefa út yfirlýsingu um stöðu Íslands gagnvart ESB. Það sé þó með ólíkindum að málið hafi ekki verið rætt í utanríkismálanefnd. Skortir ákvæði í stjórnarskránni.

Kolbeinn
Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



„Utanríkisráðherra fer með fyrirvar fyrir Ísland í utanríkismálum gagnvart öðrum ríkjum og gagnvart alþjóðlegum stofnunum,“ segir Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Hún segir utanríkisráðherra hafa verið stjórnskipulega heimilt að leggja fram yfirlýsingu sem lögð var fram á fimmtudag.

„Meðferð utanríkismála er samkvæmt íslenskrari stjórnskipun á hendi framkvæmdarvaldsins. Það sem gerist þegar utanríkisráðherra tilkynnir með þessum hætti formlega til alþjóðlegrar stofnunar afstöðu Íslands, þá lítur viðkomandi stofnun eða ríki á að hann sé bær til að gefa slíkar yfirlýsingar. Og það er ekkert annað sem bendir til þess. Hann situr í ríkisstjórn sem starfar í umboði Alþingis.“

Skortir á samráð

Björg segir að þingsályktun um aðildarviðræður, sem samþykkt var árið 2009, sé ekki lagalega bindandi fyrir þá ríkisstjórn sem tók við.

„Það sem mér finnst sérstakt við þetta mál er að ríkisstjórnin hefur ákveðna samráðsskyldu við utanríkismálanefnd Alþingis, þegar um er að ræða svokölluð meiriháttar utanríkismál og það kemur fram í 24. grein þingskaparlaganna. Í þessu máli er staðan þannig að enginn vafi er á því að þetta er meiri háttar utanríkismál, að tilkynna um þetta til Evrópusambandsins. Hitt vafamálið með þessa grein þingskaparlaganna er að það segir að utanríkismálanefnd skuli vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í meiri háttar utanríkismálum. Þetta ákvæði hafa ríkisstjórnir síðustu ára túlkað mjög rúmt, eins og dæmin sanna.“

Íraksstríðið kemur upp í hugann. „Nákvæmlega. Það er einhver angi málsins ræddur og málið er til umræðu, eins og þetta mál að sjálfsögðu í utanríkismálanefnd, en um skilyrði fyrir því að einhver tiltekin ákvörðun sé borin fyrir nefndina, það er einfaldlega enginn slíkur lagaáskilnaður. Og það sýnir okkur enn og aftur hversu ófullkomið lagaumhverfið er í kringum allt sem tengist áhrif-

→ Gjörólíkt stjórnarskrá eða Nató

Sú spurning hefur heyrst hvort ekki gildi það sama um aðrar þingsályktunartillögur, svo sem aðild að Nató. Þá var stjórnarskráin samþykkt með þingsályktunartillögu á sínum tíma. Björg segir þetta þó gjörólíkt mál.

„Það er grundvallarmunur á þessu og aðildinni að Nató, vegna þess að það er bindandi þjóðréttarsamningur. Það segir stjórnarskráin þó að ríkisstjórnin þurfi að leita eftir samþykki Alþingis varðandi aðild Íslands að tilteknum samningum og slíkt samþykki er veitt með þingsályktun. Það mundi líka gilda um uppsögn á slíkum samningum. Það er alveg ljóst að það er ekki líku saman að jafna þar. Þetta er ekki neinn þjóðréttarsamningur sem á í hlut, ekki frekar en ríkisstjórnin gæti ekki gert samning við ESB nema með samþykki þingsins. Það er því grundvallarmunur á þessu tvennu.“

Einnig hef ég heyrð vísað til þess að þingsályktunartillögur séu bindandi, eins og til dæmis stjórnarskráin, sem var samþykkt með þingsályktunartillögu 1944. Það er ólíku saman að jafna í því, vegna þess að stjórnarskráin sjálf var með ákvæði um að þegar þjóðaratkvæðagreiðsla hefði farið fram skyldi stjórnarskráin taka gildi eftir að ályktun um það hefði verið gerð á Alþingi. Stjórnarskráin tók gildi út af fyrir mælum í henni sjálfri um að þingið skyldi afgreiða það með ályktun. Það verður ekkert snúið til baka með því að afturkalla þá ályktun.“

→ Samráðsskylda

24. gr. þingskaparлага nr. 53/1991

Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á.

Skylt er ráðherra að veita utanríkismálanefnd upplýsingar og hafa samráð við hana um mál sem varða Evrópska efnahagssvæðið (EES-mál) í samræmi við reglur sem forsætisnefnd setur.

„Aðalatriðið er að lagaumhverfið hérna, stjórnarskráin, er gjörsamlega úrelt í öllu tilliti sem tengist utanríkismálum. Hún líkist ekki neinni annarri stjórnarskrá, hvorki á Norðurlöndunum né í öðrum löndum sem við berum okkur saman við.“

um Alþingis á utanríkismál. Það er ekki stafur um þetta í stjórnarskránni, nema um skyldu til að fá samþykki Alþingis fyrir aðild að tilteknum þjóðréttarsamningum. Það er engin stjórnskipuleg skylda leidd af stjórnarskránni um að hafa slíkt samráð eða leita samþykkis fyrir ákvörðunum og þetta ákvæði þingskaparlaganna er svo opið og sveigjanlegt og gefur ríkisstjórninni slíkt færi á túlkunum, að dæmin sanna að það er það sem flestar ríkisstjórnir nýta sér.

Þess vegna er einmitt spurning um hvort það hafi skapast einhver bindandi stjórnskipunarvenja, eða óskráð stjórnskipunarhefð sem hafi verið brotin, eins og sumir hafa nefnt. Ég tel að það sé ekki fyrir að fara einhverri fastskipaðri stjórnskipunarhefð um samráðsskyldu ríkisstjórnarinnar,

vegna þess að dæmin sýna einmitt það andstæða. Á meðan stjórnarskránni er ekki breytt eða þingskaparlagaaákvæðið gert skýrara, þá munum við einfaldlega búa við þessa aðstöðu áfram.“

Minnihlutinn líka

Björg segir öll ríki hafa þann háttinn á að framkvæmdarvaldið fari með utanríkismál. Utanríkismál og utanríkispólitískar ákvarðanir séu á hendi ráðherra og ríkisstjórnar.

„Vissulega er framkvæmdarvaldið starfandi í umboði Alþingis á hverjum tíma með meirihluta þingsins á bak við sig. Þegar verið er að tala um að tryggja samráðsskyldu við þingið og sérstaklega utanríkismálanefnd, þá er líka verið að huga að því að þingið sem heild, og þar með talið minnihlut-



Ástandið hefur skánað

„Klárlega hefur ástandið batnað mikið frá því snemma í haust þegar allar götur og opin svæði voru yfirfull af fólki strax eftir hinn gífurlega fólksflóttu,“ segir María.

Hún segir aðbúnaðinn þó víðast hvar lélegan. Skortur sé á rennandi vatni og hreinlætisaðstöðu, kuldri hafi verið töluverður síðastliðna mánuði og fatnaður fólksins er almennt lélegur.

„Fólkið sem við þjónum hefur flúið heimili sín ekki langt héðan frá, aðallega frá Mosulsvæði og Sinjar-héraði,“ segir María.

„Þróunin er sú að flóttamenn fara smám saman flestir í stærri og varanlegri tjaldbúðir þar sem hægt er að skipuleggja aukna þjónustu, svo sem verslun, heilsugæslu og skóla. Við þjónum hins vegar fólki sem ennþá býr í lélegri tjöldum og hálfkláruðum byggingum í minni sveitarfélögum utan við Dohuk-borg.“

„Til okkar leitar fólk á öllum aldri,“ segir Hrönn. „Fjölskyldur eru barnmargar og því sjáum við mikið af yngri konum og börnum. Fólkið hefur flest mjög lítið á milli handanna og veigrar sér við að leita heilbrigðisþjónustu út fyrir sitt þorp eða stað vegna kostnaðar við að komast á milli og vegna komugjalda.“

Alls kyns kvillar

Til þeirra sækir fólk þjónustu eins og veitt er á heilsugæslustöðvum almennt: Læknisviðtöl, læknis-sköðun og almenna mæðrasköðun. Svo eru foreldrar spurðir um bólu-setningar og minntir á mikilvægi þeirra.

„Kvillar og sjúkdómar fólksins endurspeglar það ástand sem það hefur búið við núna í sex mánuði, óöruggi, kulda, skort á hreinlæti, þunnar dýnur að sofa á og áfram óvissu um framtíðina,“ segir María. „Meðal algengustu kvartana eru óþægindi í öndunarferum, kvef, þreyta, svefnleysi, kvið- og liðverkir. Kláðamaur, augnsýkingar og ýmsan húðvanda sjáum við töluvert.“

Við framkvæmum líka kembileit að vannærðum börnum yngri en fimm ára og afhendum foreldrum ungra barna næringarríkt mauk til að bæta út í matinn,“ segir Hrönn. „Einnig leitar fólk til okkar með langvinnan heilsuvanda eins og sykursýki og háþrýsting. Þeim sem þurfa á sérfræði- eða sjúkrahúspjónustu að halda vísu við í viðeigandi úrræði.“

Mjög gefandi

Hrönn segir fólk vera mjög þakklátt fyrir þjónustuna, og duglegt að nýta sér hana. „Suma sjáum við jafnvel í hvert skipti þegar við komum á staðinn. Ekki er óalgenget að okkur sé boðið te og jafnvel



LÆKNASTOFA Búnaðurinn er af skorum skammti, borð, tveir stólar, tunguspaðar og hlustþípa. MYND/MAZIN MIWAFQA ABILAHAD



ÖRTRÖÐ María fær góðar móttökur. MYND/MAZIN MIWAFQA ABILAHAD

matur af heimamönnum á hverjum stað. Því er óhætt að segja að þetta sé mjög gefandi verkefni.“

Óneitanlega mæta þær þó ýmsum erfiðleikum sem reynt er að vinna bug á eftir því sem hægt er.

„Heimafólk og stjórnvöld eru vinaleg, jákvæð og hjálpleg að aðstoða við upplýsingaöflun en rafræn skráning er ekki til svo fundi þarf með ýmsum talsmönnum til að fá þessar upplýsingar,“ segir Hrönn. „Og drekka mikið te með sykri. Svo er enskukunn-átta hérlandra takmörkuð, hvað þá arabískan okkar og þriðja málið er kúrdíska þannig að við erum háðar túlkun þeirra sem kunna. En einhvern veginn kemst þetta allt saman til skila á endanum.“

„You, falletur lopapeysa“

Þær hafa aðsetur í íbúðarhúsum rétt hjá skrifstofu Alþjóðaráðs Rauða krossins í Dohuk. Þar búa þær með tíu öðrum starfsmönnum Rauða krossins frá ýmsum löndum. Svo gista þar stundum fleiri sem eru á ferðinni frá öðrum landslutum.

„Allt er þetta indælisfólk og vill allt fyrir okkur gera,“ segir María. „Á kvöldin borðum við gjarnan saman með sambýlisfólki okkar, sendifulltrúum sem starfa í öðrum deildum hér á skrifstofunni, og fáum stundum fólk í heimsókn frá öðrum félagasamtökum og hjálparstofnunum,“ segir María. Hún segir Hrönn vera mjög duglega við að kenna starfsfólkinu íslensku. „Til dæmis kom einn til mín óvænt og sagði „You, falletur lopapeysa!“ Og við hlæjum og flissum að tungumálunum og misskilningi.“



KÁTIR DRENGIR Hvar sem þær María og Hrönn koma bíða þeirra hópar barna og fullorðinna. MYND/MARÍA ÓLAFSDÓTTIR



SAMSTARFSFÓLKID Á myndinni eru þær María og Hrönn, standandi hvor við sinn endann, ásamt starfsfólki Rauða krossins, bílstjórum og einum af fjórum bílum sem notaðir eru til heilsugæslustarfanna.



HEILSUGÆSLA SETT UPP Sums staðar er húsaskjól en annars staðar þurfa þau að setja upp búnað sinn úti undir beru lofti. MYND/MARÍA ÓLAFSDÓTTIR

Á flóttamanna-slóðum í N-ÍRAK



Erfitt að horfa upp á sokkaleysið

„Veturinn hefur verið kaldur hér og erfitt að horfa upp á öll þessi sokkalaus börn með hornös,“ segir María. Hún nefndi þetta vandamál við kórystur sína eina, og þá kviknaði hugmynd um að safna sokkum fyrir krakka í Kúrdistan. „Til að stytta boðleiðirnar hefur kórin safnað fé á Íslandi en ég tekið út fyrirfram laun hér í Kúrdistan. Ég fór á markaðinn og keypti sokka fyrir söfnunarféð. Við klæðum svo krakkana í sokkana í móttökunni og líka alla hina sem koma bara til að horfa á. Fréttin berst fljótt og röð myndast til að þiggja sokka.“

Kórystirin heitir Guðrún Björk Bjarnadóttir. Þær hafa þegar náð að kaupa 700 pör og safnað nægu fé fyrir öðru eins. „Þetta litla ævintýri hefur gefið okkur tækifæri til að nálgast börnin á annan hátt, það er gott að geta sýnt þeim athygli, umhyggju og ástúð og nýir sokkar eru eitthvað svo persónulegir í mínum huga. Og þegar vel tekst til er hægt að fá þau til að brosa og grínast smá,“ segir María. „Svo er ekki síður yndislegt að finna áhugann að heiman, kveðjur og hvatningu svo þetta er sannarlega verkefni sem er gefandi fyrir alla aðila.“

Fjallafegurðin heillar

Þótt vinnan taki tíma þeirra að mestu, þá hafa þær einnig svölíttinn frítíma. Um helgar komast þær í göngutúra um borgina og svo hafa þær farið í fjallgöngur í nágrenninu.

„Dohuk-hérað er sennilega með fallettri héruðum Íraks,“ segir María. „Okkur skilst að Dohuk þýði „tvö fjöll“ og borgin er umkringd tveimur fjallgöngum sem auðvelt er að ganga upp á. Þaðan sést bæði til tyrkneskra

fjalla og Mosulvatns. Fallegasti staðurinn er þó í kringum Stífluvatnið, Dohuk dam.“

Opnar hug og hjarta

Þær María og Hrönn hafa nú dvalist í Írak í tæpan mánuð, en alls ætla þær að vera þarna í þrjá mánuði. Verkefninu verður síðan haldið áfram og nýir sendifulltrúar leysa þær af.

Þetta er í fyrsta sinn sem María fer á vegum Rauða krossins en Hrönn hefur reynslu af

slíku frá því hún hélt til Filippseyja eftir að fellibylurinn stóri gekk þar yfir í desember árið 2013. Þar starfaði hún í einn mánuð á tjaldheilsugæslustöð á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins.

„Þetta er mjög fróðlegt og skemmtilegt, reynsla sem opnar hug og hjarta fyrir svo mörgu. Það er mikilvægt að vanda sig í þessu litla sem maður getur gert og muna að það skiptir máli,“ segir María.

WHIRLPOOL DAGAR

10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM WHIRLPOOL VÖRUM



ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR
HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR



27%

Whirlpool WME1887DFCTS
179sm stál kælikápur. Stafræn hitastilling. 6th Sense Fresh Control. MultiFlow kælitækni tryggir jafnari kælingu. AntiBacteria Sía. Easy Open ventill. Orkuflokkur A+.

TILBOÐ
79.995

FULLT VERÐ 109.995



30%

Whirlpool WBE3375NFCW
188sm kælikápur með frysti, stafrænni hitastillingu og LCD skjá. No Frost sjálfvirk afþýðing. 6th SENSE Fresh Control. Multiflow kælivífta. AntiBacteria Filter. LED lýsing. Orkuflokkur A+.

TILBOÐ
84.995

FULLT VERÐ 119.995

Fæst einnig stállitaður á 89.995



25%

Whirlpool AWOD7014
1400sn 7kg þvottavél með rafeindastýrðum kerfisveljara og hitastilli. 16 þvottakerfi og 30 mín hraðkerfi. Þvottæfni A. Vinduhæfni B. Orkuflokkur A++.

TILBOÐ
59.995

FULLT VERÐ 79.995



29%

MEÐ VARMADÆLU, EYÐIR MIKLU MINNA RAFMAGNI

Whirlpool AZAHP880
Tviátta 8 kg barkalaus þurrkari 121L tromlu. Rakaskynjari með 6TH SENSE Infinite Care. 9 þurrkstillingar og hitastilling. Vatnstankur uppi. Tengist beint við niðurfall. Kaldr blástur og krumpuvörn. Orkuflokkur A++.

TILBOÐ
99.995

FULLT VERÐ 139.995



40%

Whirlpool AKZ431HV
Bakarofn með Flat Line Multifunction 8 blástursofni. Ofnrými 52 lítrar. Klukka. Grill, undir og yfirhiti. Heldur heitu. Pizza/brauð stilling. Tvöfalt gler í hurð. Niðurfellanlegt grill sem auðveldar þrif.

TILBOÐ
59.995

FULLT VERÐ 99.995



Heimplistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



ÁSA NINNA PÉTURSDÓTTIR

MAGNEA EINARSDÓTTIR

Allt að gerast í hönnunarheiminum

Nóg er um að vera um helgina og borgin iðar af sköpunarkrafti en bæði Reykjavík Fashion Festival og HönnunarMars standa yfir.



LINDA BJÖRG ÁRNADÓTTIR

ÝR ÞRASTARDÓTTIR

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloo@frettabladid.is



Reykjavík Fashion Festival hefur verið haldin síðan árið 2009 en á hátíðinni fá íslenskir fatahönnuðir tækifæri til þess að kynna og sýna hönnun sína. Viðburðirnir fara fram í Hörpu.

Laugardagur

Hvenær: 15.15

Hvað: Another Creation sýnir tímalausa og framúrstefnulega hönnun en hver flík er nothæf á fleiri en einn hátt. Hönnuður línunnar er Ýr Þrastardóttir.

Hvar: Norðurljósasalur Hörpu

Hvenær: 16.10

Hvað: Scintilla sýnir í fyrsta sinn eigin fatalínu á Reykjavík Fashion Festival en flíkurarnar í línunni eru flestar þrjóna- og jersey-fatnaður. Stofnandi og yfirhönnuður Scintilla er Linda Björg Árnadóttir.

Hvar: Norðurljósasalur Hörpu

Hvenær: 17.10

Hvað: MAGNEA sýnir nýja línu en fatamerkið leggur mesta áherslu á þrjónavöru og sýnir notkun á þrjóni og íslenskri ull í nýju samhengi. Hönnuðir eru þær Magnea Einarsdóttir og Sigrún Halla Unnarsdóttir.

Hvar: Norðurljósasalur Hörpu

Hvenær: 18.10

Hvað: EYLAND sýnir haust- og vetrarlínu á Reykjavík Fashion Festival og er þetta í fyrsta sinn sem merkið tekur þátt í hátíðinni. Stofnandi og yfirhönnuður merkisins er Ása Ninna Pétursdóttir.

Hvar: Norðurljósasalur Hörpu

HönnunarMars 2015

HönnunarMars er nú haldinn í sjöunda sinn og er seinasti dagur uppskeruhátíðarinnar á sunnudaginn. Þátttakendur hátíðarinnar eru um 400 hönnuðir og listamenn en nálgast má ítarlegri dagskrá á vefsíðunni honnunarmars.is.

Ekki missa af:

Hvenær: 12.00

Hvað: Tulipop býður í leirsmíðju fyrir fjölskylduna í sýningarrými fyrirtækisins, einnig verða nýjar og væntanlegar vörur til sýnis.

Hvar: Fiskislóð 31

Hvenær: 13.00

Hvað: Hönnunarteymið Orri-Finn sýnir skartgripa sem eru gerðir eftir útvöldum verkfærum. Opnun klukkan 15.00, en sýningin er einnig opin á sunnudag frá 13.00 til 17.00.

Hvar: Skólavörðustígur 17a



FLÓRA Hildur Yeoman sýndi fatalínu sína Flóra í Vörðuskóla á fimmtudaginn á HönnunarMars.
MYND/IRISDÖGG



Á OPNUN Það var margt um manninn í Epal á miðvikudaginn í opnunarteiti HönnunarMars. Hér má sjá Ragnheiði Elínu Árnadóttur iðnaðarráðherra, Eyjólf Pálsson hjá Epal og Þórunni Hannesdóttur hönnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



MYND/ADRIANA PACHECO

Hvenær: 16.00

Hvað: Fiskibeinavinnustofa í Spark Design Space þar sem börn og fullorðnir eiga þess kost að prufa að líma saman og mála íslensk fiskibein með ímyndunaraflíð og leikinn að vopni.

Hvar: Klapparstígur 30

Sunnudagur

Hvenær: 12.00

Hvað: Skapandi klasi í Íshúsi Hafnarfjarðar en þar hefur fjöldi listamanna og hönnuða vinnurými og er meðal annars starfrækt hnífasmíðja, keramikvinnustofur, trésmíðja og þrívíddarverkstæði. Einnig er opið á laugardaginn frá klukkan 12.00 til 17.00. Leiðsögn og kynning hefst 13.00

Hvar: Strandgata 90



ALLIR UM BORÐ Fólk gæddi sér á gómsætum veigum um borð í bátum.
MYND/ALVAROPERES



HÚSFYLLIR DesignTalk var haldið á fimmtudaginn og var húsfyllir í Hörpunni.
MYND/ADRIANA PACHECO



MYND/IRISDÖGG



-31%

LAMBAFILE
M/FITU

3.263

ÁÐUR 4.729 KR/KG



KJÚKLINGAVÆNGIR
HVÍTLAUKS -GRILL

-40%

434

ÁÐUR 724 KR/KG



KINDAGÚLLAS
FRYSTIVARA

-50%

1.555

ÁÐUR 3.110 KR/KG



KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR - 900G

-21%

1.391

ÁÐUR 1.761 KR/PK



FJÖLSKYLDUPIZZUR 1KG
NICE'N'EASY - 2 TEG

-33%

599

ÁÐUR 899 KR/KG



KIRSUBERJATÓMATAR
ERLENDIR

-50%

135

ÁÐUR 269 KR/PK



PÁSKAEGG NR 4
250 G - ODÝRT

799



FANTA APPELSÍN
2L

198

ÁÐUR 239 KR/STK



VATNSGLÖS
6 STK/PK

599

ÁÐUR 690 KR/PK

Tilboðin gilda 14. - 15. mars 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



HEILANDI FRÍ Á BALÍ „Manni líður aldrei eins og í færribandatúrisma en er stöðugt að verða snortinn af fegurð og natni,“ segir Vilborg.

Engin hús hærrí en kókospálmi

Langþráður draumur Vilborgar Halldórsdóttur leikkonu um að heimsækja Balí rættist um síðustu jól þegar hún flaug yfir hálfan hnöttinn, ásamt Helga manni sínum. Fyrst áðu þau í Singapúr og tóku barnabarnið með til Balí ásamt foreldrum.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Víð vörðum síðustu jólum og áramótum og janúar hinum megin á hnettinum vegna þess að eldri sonur okkar tók sig upp með konu og eina barnabarnið okkar og fór í mastersnám í Singapúr,“ segir Vilborg Halldórsdóttir, leikkona og leiðsögumaður. Rétt fyrir jól hélt hún á vit ævintýranna í Indónesíu, ásamt Helga Björnssyni söngvara, eiginmanni sínum. „Við flugum til Frankfurt snemma morguns og eyddum deginum þar, meðal annars á jólamarkaði og tókum síðan kvöldflug til Singapúr,“ rifjar hún upp. „Í vélinni var borinn fram kvöldverður og stuttu síðar lögðumst við til svefns, vöknudum svo við að verið var að bera fram morgunmat og bara tveir tímar, af ellefu, eftir til Singapúr.“

Aðfangadagskvöld var mjög óformlegt, haldið í þakgarði í hitabeltinu og jóladagur var fjölskylduvænn að sögn Vilborgar. Svo var flogið til Balí á annan. „Við vorum á Balí í tvær vikur ásamt litlu fjölskyldunni. Leigðum villur á tveimur mismunandi stöðum,“ lýsir hún. „Fyrri vikuna vorum við í Sanúr rétt við ströndina og þá seinni í Jimbaran, þar vorum við hærra uppi og með útsýni yfir eyjuna og eldfjallagarðinn.“

Reykelsi, fegurð og ljóðræna

Vilborg segir sig lengi hafa dreynt um að koma til Balí, enda fræg lína eftir hana í textanum Mér finnst rigningin góð: Einu sinni fórum við í það og ferðudumst til Balí. „Ég hafði smá áhyggjur af því að ég

yrði fyrir vonbrigðum en sá ótti var ástæðulaus,“ segir hún. „Yfirvöld á Balí hafa tekið svo réttan pól í hæðina í sambandi við túrisma og innfæddir halda fast í sína menningu. Þeir eru flestir hindúatrúar, alls staðar eru hof og í hverjum garði lítið altari. Allt ilmar af reykelsi, fegurð og ljóðrænu og manni líður svo vel þegar allt er svona falllegt. Þá er svo auðvelt að slaka á,“ segir Vilborg og bætir við. „Það kostar líka lítið að lifa á Balí. En áfengið er dýrt, það er flutt svo langt að, af því að engin vínþverja þrífst í hitabeltinu. Svo var mjög lélegt netsamband svo það var netfrí og áfengisfrí. Hins vegar vorum við alltaf að drekka einhverja geggj-aða djúsa þannig að þetta var mjög heilandi frí.“

Gjald er tekið af ferðamönnum bæði við komu til Balí og brottför að sögn Vilborgar. „Um milljón ferðamenn heimsækja þessa litlu eyju á ári en íbúarnir eru á fimmtu milljón,“ lýsir hún og ber lof á eyjarskeggja fyrir arkitektúrinn. „Ákveðið var á Balí að engin bygging mætti vera hærrí en hæsti kókospálmi og sú stefna hefur breiðst út um eyjar Kyrrahafsins. Þarna er fullt af nýjum villum og fínum hótélum en allt er byggt í sátt við þann stíl sem fyrir er og tengt við fortíðina. Í nýju húsi er kannski eldgamall, útskorinn gluggi, eða jafnvel hurð, eins og 150 ára gömul. Hitt er allt nútímalegt. Við fórum í æðislega veislu á gamlárskvöld í hóteli sem virtist gamalt, en nei, nei, þá var það byggt árið 2000. Manni líður aldrei eins og í færribandatúrisma en er stöðugt að verða snortinn af fegurð og natni.“



Á GAMLÁRSKVÖLD Vilborg og Helgi með Orra syni sínum, tengdadótturinni Kristínu Maríellu og barnabarninu Ylfu.



ROKKOKÓSTÍLL Fagur veggur í borginni Canggu.



Í SINGAPÚR Skýjakljúfana ber við himin í Singapúr á bak við þær Vilborgu og Ylfu.

Á hæsta tindi við sólarupprás

Hitastigið var um 30 gráður á Balí, að sögn Vilborgar. Þar eru góðar gönguleiðir, meðal annars upp á hæsta fjallið sem er eldkeila, 3.000 metra há. „Fólk er sótt um miðnætti og er á toppi fjallsins við sól-

arupprás. Auk þess er boðið upp á alls konar uppbyggjandi viðfangsefni á eyjunni, jóga, batík, útskurð og dans – fyrir utan allt nuddið,“ segir Vilborg sem stefnir að því að standa fyrir ferð til Balí í haust með lítinn hóp. En hvað fannst

henni um Singapúr? „Það er alger andstæða við Balí. Singapúr er eiginlega borggríki, sirka á stærð við Reykjavíkursvæðið, allt byggt upp í loft með nútímaarkitektúr. Þar er maður í loftkældum mollum. Ég er bara ekki mollakona.“



DANS, DANS, DANS Á gamlárskvöld var Vilborg á flottri sýningu á Balidönsum og þar var mikið sungið.

SAMSUNG

Betri upplifun

þegar það raunverulega skiptir máli



Bognu sjónvörpin eru komin til að vera og gera bestu skemmtun að unun. Fjölskylda og vinir hittast og gleðjast í frábærri upplifun.



SAMSUNG
Módel 8505
55" / 65" / 78"

SAMSUNG
Módel 7205
55" / 65"



Soundbar
HW7501 bogin



Viðurkenningar, bestu meðmæli og prófanir fagtímarita og sérfræðinga streyma inn, svo ekki verður deilt um hvaða tæki eru bestu kaupin.



65" HU8505
Besta köp
M3, Nr 7, 2014



65" H8005
Rekommendarar
Digital Life, Nr 3, 2014



65" HU8505
Anbefalt
Watt, Nr 6, 2014



55" HU8505
Bedst i test
Tænk, 2014-06-12



55" H8005
5 av 6 stjerner
Lyd og Bilde, nr. 12/2014



55" H8005
Anbefalt
Tek.no, 2014-04-29



65" HU8505
Anbefalt
Dinside.no, 2014-05-30

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR · BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

1.990 kr/m²

FRÁBÆRT VERÐ

Harðparket Eurohome Loft
Ljós 3ja stafa eik
Borðastærð 1.285 x 192 mm, 8 mm þykkt
15 ára ábyrgð
Slitþolsflokkur 32/AC4
147100

EUROHOME
enjoy living



EGGER

13 ÁRA
ÁBYRGÐ

1.890 kr/m²

FRÁBÆRT VERÐ

Harðparket eik
3ja stafa
Borðastærð 1.292 x 193 mm
7 mm þykkt, slitþolsflokkur 31
146951



30 ÁRA
ÁBYRGÐ

Eikarplanki harðparket
Fasaður, mattur
Borðastærð 1.383 x 192 mm
Slitþolsflokkur 32, 8 mm þykkt
147056

1.695 kr/m²

VERÐSPRENGJA!

BETRA

ALLT FÍNT FYRIR PÁSKA



Eitt mesta úrval landsins af fræjum og vorlaukum.

Komdu og fáðu ráðgjöf sérfræðinga okkar í Blómavali um land allt.

Lára Jónsdóttir
Garðyrkjufræðingur í Blómavali

499 kr

TET A TET

1.590 kr

FRÍÐARLILJA

999 kr

VORERIKA

1.490 kr

KRÝSI

1.490 kr

10 STK. TÚLÍPANAR



72.690 kr

FRÁBÆRT VERÐ



Blástursofn
EOC 3411AOW
Hvítur. 74 ltr, orkunýting A,
kjöthitamælir
1830203



69.900 kr

FRÁBÆRT VERÐ



Purrkari EDC1072LDW
7kg
1805568



69.900 kr

FRÁBÆRT VERÐ



Þvottavél EWP 1274TDW
7 kg, 1200 snúninga, A++
1808864

VERÐ!

Á LÆGRA VERÐI

HITACHI
Inspire the Next



19.755 kr

FULLT VERÐ: 24.697

Hitachi Hleðsluborvél
10.8V, 2 rafhlöður og taska
5246788



3.675 kr

FULLT VERÐ: 4.895

Áltrappa 3 þrepa
Ber 150 kg
5078850



3.945 kr

FRÁBÆRT VERÐ

Impra veggmalning 10 ltr
Gljástig 5, litur hvítur
7119964



12.215 kr

FRÁBÆRT VERÐ

Badinnrétting hvít SEKO
Seko Prestige
7910050



8.885 kr

FRÁBÆRT VERÐ

Handlaugartæki
Damixa Space
8000800



12.995 kr

FRÁBÆRT VERÐ

Handklæðaofn Scala
Hæð 80cm, breidd 60cm
9200049

aida
daily design

Matar- og kaffistell 30 stk.



5.990 kr

FULLT VERÐ: 7.990

Matar- og kaffistell
Café 30 stk
2000419

aida
daily design

Glasasett 30 stk.



6.299 kr

FULLT VERÐ: 8.999

Glasasett 30 stk.
Rauðvíns-, hvítvíns- og vatnsglös
2201165



12.637 kr

FRÁBÆRT VERÐ

Kaffivél
10 bollar
1840057



5.799 kr

FRÁBÆRT VERÐ

BEKA
Skaftpottur Chef 16 cm
1.7 ltr. á allar hellur
2006487



8.499 kr

FRÁBÆRT VERÐ

BEKA
Pottur Chef 16 cm
M/loki 1.7 ltr. á allar hellur
2006490

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI

Getur einhver skákað Hamilton?

Tímabilið í Formúlu 1 fer af stað um helgina þegar 20 öikumenn tíu liða ræsa á Albert Park-brautinni í Ástralíu. Risastórar breytingar hafa orðið á stærstu liðunum og býst sérfræðingur Stöðvar 2 Sports við skemmtilegu tímabili. Heimsmeistarinn er áfram líklegastur.

Tómas Þór Þórðarson

tomas@frettabladid.is



FORMÚLA 1 Nýtt tímabil í Formúlu 1, það 66. í röðinni, hefst um helgina og eins og alltaf er byrjað í Ástralíu. Keppni hefst stundvíslega klukkan 05.00 þannig að á sama tíma og öikumennirnir 20 ræsa vélarnar þurfa vekjaraklukkurnar að ræsa landann.

Komandi keppnistímabil er mjög spennandi í ljósi manna-breytinganna sem áttu sér stað hjá stærstu liðunum. Fjórfaði heimsmeistarinn Sebastian Vettel yfirgaf Red Bull og keyrir nú fyrir risann Ferrari. Fernando Alonso sá þá sæng sína upp reidda og fór aftur til McLaren, átta árum eftir að hann fór þaðan í fússi.

Ekki sömu yfirburðir

Lewis Hamilton á Mercedes er ríkjandi heimsmeistari. Það hafði enginn roð við honum og liðsfélagi hans, Nico Rosberg, í fyrra. Tímabilið var í raun aldrei spennandi því það þótti tíðindum sæta ef þeir félagarnir lentu ekki í tveimur efstu sætum í öllum keppnum.

„Það má alveg taka undir að yfirburðir Mercedes gerðu heildarmyndina í fyrra svöluð leiðinlega, en keppnirnar sem við fengum inn á milli voru stórkostlegar. Það má búast við alvöru keppni á Albert Park enda er það frábær braut. Þar eru alltaf framúrakstrar, árekstrar og læti. Þetta má enginn láta framhjá sér fara,“ segir Kristján Einar Kristjánsson, fyrrverandi Formúlu 3-ökumaður og sérfræðingur Stöðvar 2 Sports.

Hann telur að yfirburðir Mercedes verði ekki þeir sömu: „Ég veit ekki hvort drottunin verður sú sama en Mercedes er líklegast til afreka. Ég tek undir með öðrum að Hamilton er líklegasti sigurvegarinn en ég hef mikla trú á því sem Ferrari er að gera sem og samstarfi McLaren og Honda.“

Vettel líklegri en Alonso

Vistaskipti Alonso og Vettels eru stóra sagan í byrjun nýs tímabils og Kristján Einar hefur mikla trú á honum hjá Ferrari.

„Hann hefur auðvitað verið stórkostlegur ökumaður í gegnum tíðina. Hann keyrði áður fyrir sama lið og ég og þar talaði fólk um að hann væri ótrúlegur. Það segir auðvitað sitt að Ferrari láti Alonso fara til að búa til pláss fyrir hann. Með hann lítur Ferrari mjög vel út,“ segir Kristján Einar, en hvort spáir hann Þjóðverjanum eða Spánverjanum Alonso betri árangri í ár?

„Þeir eru báðir frábærir og hafa eldað grátt silfur undanfarnin ár. Þetta er bara spurning um hvor bíllinn verður betri, en Vettel og Ferrari líta betur út.“

Barn keyrir bíl

Áhugaverðasti nýliðinn á komandi tímabili í Formúlunni er klárlega Hollendingurinn Max Verstappen. Þegar ræst verður í Ástralíu verður hann ekki nema 17 ára og 166 daga gamall. Hann verður sá

Liðin og öikumennirnir í Formúlu 1 2015

Vistaskipti heimsmeistarans fjórfalda Sebastians Vettels til Ferrari voru bara byrjunin á fjörugum vetri í Formúlunni. Fjórir aðrir ökuþórar skiptu um lið. Fernando Alonso er t.a.m. mættur aftur til McLaren eftir átta ára fjarveru. Fimm ný andlit eru mætt til leiks, þar á meðal Hollendingurinn Max Verstappen sem verður yngsti maður sögunnar til að keyra í F1. Carlos Sainz Jr. ekur fyrir Toro Rosso, brasilíski nýliðinn Luiz Felipe Nasr er hjá Sauber og þá byrja Will Stevens og Spánverjinn Roberto Merhi hjá Manor.



<p>MERCEDES AMG PETRONAS Liðsstjóri: Toto Wolff Yfirhönnuður: Paddy Lowe</p> <p>44 Lewis Hamilton ENG 148 keppnir, 33 sigur 70 sinnum á palli</p> <p>6 Nico Rosberg ÞÝS 166 keppnir, 8 sigur 26 sinnum á palli</p> <p>Mercedes F1 W06 / Vél frá: Mercedes PU106B Hybrid</p>	<p>INFINITI RED BULL RACING Liðsstjóri: Christian Horner Yfirhönnuður: Adrian Newey</p> <p>3 Daniel Ricciardo ÁST 69 keppnir, 3 sigur 8 sinnum á palli</p> <p>26 Daniil Kvyat RÚS 19 keppnir Besti árangur: 9. sæti</p> <p>Red Bull RB11 / Renault Energy F1-2015 (Test livery)</p>
<p>WILLIAMS MARTINI RACING Liðsstjóri: Frank Williams Yfirhönnuður: Pat Symonds</p> <p>19 Felipe Massa BRA 210 keppnir, 11 sigur 39 sinnum á palli</p> <p>77 Valtteri Bottas FIN 38 keppnir 6 sinnum á palli</p> <p>Williams FW37 / Mercedes PU106B Hybrid</p>	<p>SCUDERIA FERRARI Liðsstjóri: Maurizio Arrivabene Yfirhönnuður: James Allison</p> <p>5 Sebastian Vettel ÞÝS 139 keppnir, 39 sigur 66 sinnum á palli</p> <p>7 Kimi Räikkönen FIN 211 keppnir, 20 sigur 77 sinnum á palli</p> <p>Ferrari SF15-T / Ferrari 059/4</p>
<p>MCLAREN HONDA Liðsstjóri: Eric Boullier Yfirhönnuður: Tim Goss</p> <p>14 Fernando Alonso SPÁ 234 keppnir, 32 sigur 97 sinnum á palli</p> <p>22 Jenson Button ENG 266 keppnir, 15 sigur 50 sinnum á palli</p> <p>McLaren MP4-30 / Honda RA615H</p>	<p>SAHARA FORCE INDIA Liðsstjóri: Vijay Mallya Yfirhönnuður: Andrew Green</p> <p>27 Nico Hulkenberg ÞÝS 76 keppnir, Besti árangur: 4. sæti</p> <p>11 Sergio Perez MEX 74 keppnir, 4 sinnum á palli</p> <p>Force India VJM08 / Mercedes PU106B Hybrid</p>
<p>SCUDERIA TORO ROSSO Liðsstjóri: Franz Tost Yfirhönnuður: James Key</p> <p>33 Max Verstappen HOL Nýliði</p> <p>55 Carlos Sainz Jr. SPÁ Nýliði</p> <p>STR10 / Renault Energy F1-2015</p>	<p>LOTUS Liðsstjóri: Gerard Lopez Yfirhönnuður: Nick Chester</p> <p>8 Romain Grosjean FRA 64 keppnir, 9 sinnum á palli</p> <p>13 Pastor Maldonado VEN 76 keppnir, 1 sigur 1 sinni á palli</p> <p>Lotus E23 / Mercedes PU106B Hybrid</p>
<p>SAUBER Liðsstjóri: Monisha Kaltenborn Yfirhönnuður: Eric Gandelin</p> <p>9 Marcus Ericsson Sví 16 keppnir, Besti árangur: 11. sæti</p> <p>12 Luiz Felipe Nasr BRA Nýliði</p> <p>Sauber C34 / Ferrari 059/4</p>	<p>MANOR MARUSSIA Liðsstjóri: John Booth Íþróttastjóri: Graeme Lowdon</p> <p>28 Will Stevens ENG 1 keppni, Besti árangur: 17. sæti</p> <p>98 Roberto Merhi SPÁ Nýliði</p> <p>Manor MNR1 / Ferrari 059/3</p>

langyngsti til að keppa í Formúlu 1 í sögunni, bætir met Jaimes Alguersuari um tvö ár.

„Hann er alveg rosalega góður. Menn taka hann inn svona snemma til að tryggja sér þjónustu hans til framtíðar,“ segir Kristján Einar um Hollendinginn sem er rétt

skriðinn yfir bílprófsaldur á Íslandi en er að fara að keppa í Formúlu 1. Faðir hans ók áður í Formúlu 1.

„Pabbi hans er Jos

„The Boss“ Verstappen sem keyrði áður fyrir í Formúlu 1. Samherji Verstappens er svo Carlos Sainz Jr., sonur Carlos Sainz fyrrverandi heimsmeistara í ralli. Það verður því skemmtilegur pabbarígur þarna í gangi,“ segir Kristján Einar og hlær.

Purfa að spara vélarnar

Fyrir síðasta tímabil voru gerðar miklar reglubreytingar sem umblyttu íþróttinni. Það sama er ekki upp á teningnum núna, en þó var gerð ein breyting sem gæti haft mikil áhrif á lokaniðurstöðuna í deildinni.


„Stærstu reglubreytingarnar núna tengjast vélunum,“ segir Kristján Einar, en búið er að fækka vélum sem hver og einn keppandi má nota úr fimm niður í fjórar.

„Þetta er alveg ótrúlegt því menn voru í vandræðum með fimm í fyrra. Þetta mun reynast mönnum erfitt að ráða við eins og að mega bara nota fimm gerði í fyrra,“ segir hann.

Þetta er strax farið að hafa áhrif og fyrsta keppnin ekki einu sinni byrjuð: „Stóru fréttirnar í æfingum fyrir fyrsta mótið í Ástralíu um helgina eru þær að Daniel Ricciardo á Red Bull er nú þegar búinn að skipta. Hann er kominn á vél tvö af fjörum og fyrsta mótið ekki einu sinni hafið. Þetta er náttúrulega bilun,“ segir Kristján Einar Kristjánsson.

Útsending frá tímatökunni fyrir Ástralíukappaksturinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport klukkan 5.50 á laugardagsmorgun og útsending frá keppninni sjálfri hefst klukkan 4.30 á sunnudagsmorgun. Skemmtilegt og fróðlegt myndband þar sem Kristján Einar fer rækilega yfir nýtt tímabil má finna á Vísi.





2990.-



999.-



3999.-



OPIÐ
FRÁ KL. 10-18
ALLA DAGA

BÓKA

MARKAÐURINN

Laugardagsvelli


SÍÐASTA HELGIN!



Kaffi, kakó
og heimalagað
bakkelsi



Kósí kaffihús á
Bókamarkaði



1990.-



1299.-



1499.-




790.-



1999.-



990.-



990.- (innbundin)



990.-

8 UPPÁHALDS ÖPPIN

Katrín Lilja Sigurðardóttir efnafræðingur og forsprakki Sprengjugengis



ANTI MOSQUITO SONIC REPELLENT

Sendir frá sér hátíðnihljóð til að fæla burt moskítóflugur. Must-have á Íslandi.

PERIODIC TABLE


Einfaldlega lotukerfið.

OUT OF MILK SHOPPING LIST

Nauðsynlegt þegar það er unglundur á heimilinu!

CHEMISTRY LAB

Mæli með þessum efnafræðileik fyrir unga efnafræðinema.



SLEEP AS ANDROID

Safnar upplýsingum um svefn og gæði hans. Vekur mann á fullkomnum tíma eða þegar maður er ekki í djúpsvefni.

WOLFRAM ALPHA

Stimplaðu inn nánast hvað sem er – efnajöfnu, formúlu, plánetu – og fáðu allar upplýsingar sem þú þarft. Besta appið.

TWILIGHT

Gerir manni kleift að minnka enn frekar ljósstyrk á skjánum.

TOILET TIME

Segir sig sjálf, app sem er hannað til að nota í tímaflekum salernisferðum.



Uppvakningar upp á sitt besta

DYING LIGHT ★★★★★

PC HASARLEIKUR

Leikurinn Dying Light er nýstárlegur og stórskemmtilegur, þar sem mögulegt er að beita nánast endalausum leiðum til að berja á uppvakningum. Framleiðendum leiksins tekst að skapa einstakt andrúmsloft og skemmtilega upplifun.

Óþekkt veira hefur breytt flestum íbúum borgarinnar Harran í uppvakninga, en spilarar setja sig í spor Kyles Crane, sem sendur er til borgarinnar til að ná í mótefni gegn veirunni.

Eftir sólsetur skrifa öðruvísi uppvakningar úr fylgsnum sínum, sem eru hraðari og hættulegri en hinir venjulegu uppvakningar. Þar að auki geta þeir klifið vegg. Parkour leikur stórt hlutverk í leiknum og fljótt kemst í vana að hoppa á milli húspaka og klifra upp vegg og verður það frábærlega skemmtilegt.

Saga leiksins, sem langan tíma tekur að klára, gengur út á nánast ekkert annað en að sækja hitt og þetta fyrir þennan og hinn. Hún er mjög grunn og oft á tíðum einfaldlega pirrandi. Grafikin er hins vegar stórgóð og spilunin svo skemmtileg að hún vegur upp á móti slappri sögu og öðrum göllum. Ferðalag til Harran ætti ekki að verða neinum addáendum uppvakninga vonbrigði.

- sk6



Leynist líf á Ganýmedesi?

Með hjálp Hubble-geimsjónaukans hafa fundist traustar vísbendingar um að 100 km djúpt haf sé undir íshellunni sem umlykur tunglið Ganýmedes. Tunglið er eitt af Galíléotunglum fjórum sem eru á sporbraut um Júpiter.

Saltur sjór undir íshjúp Ganýmedesar er spennandi uppgötvun enda er vatn í vökvaformi ein af meginstöðum lífs eins og við þekkjum það.

ESA stefnir á að senda könnunarfarfið Juice að tunglinu á næstu áratugum, vonandi fyrir árið 2035.

- khn



APPLE WATCH

STÝRIKERFI

Watch OS

GEYMSLA

8 GB

SKIJAR

Saffir, hert Ion X-gler
209ppi, 272 x 340

TENGI

Bluetooth 4, NFC, Wi-Fi

PYKKT

38mm/42mm

STYÐUR

iPhone 5 og nýrra, iOS 8.2

RAFHLÖDUENDING

18 klst.

NEMAR

innrauður, LED, ljósskynjari

Kortir í byltingu

Apple hefur einstakt lag á að uppfylla stór loforð. Tim Cook boðar byltingu með Apple Watch og allt bendir til að þetta litla tæki muni endurskilgreina raftækjamarkaðinn líkt og Apple hefur svo oft gert.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



Tim Cook, framkvæmdastjóri Apple, steig á svið í San Francisco síðastliðinn mánudag og kynnti helstu nýjungar Apple. Ný Macbook-tölva og HBO fyrir Apple TV féllu þó í skuggann á fyrstu raunverulegu kynningunni á Apple Watch-snjallúrinni sem kynnt var í september.

Heilög þrenning

Apple Watch verður fánlegt í þremur útgáfum. Allar týpunar státa af fjórum nemum sem greina hjartsláttartíðni með mismunandi hætti ásamt hröðunarmæli sem mælir hreyfingu. Apple Watch Sport er ódýrasta týpan (48.000 kr.) og sérniðin að þörfum þeirra sem vilja fylgjast með með hreyfingu og hjartslætti. Næst kemur týpan sem er raunverulegt flaggskip vörulínunnar og er (ruglingslega) kallað Apple Watch. Úrið er steypt úr fægðu, ryðfríu stáli og státt af safír-skjá (76.000 kr.). Apple ætlar síðan að ganga á milli höfuðs og bols á lítilátum úrsmíðum Rolex með Watch Edition. Úrið er úr gulli. Það kostar á bilinu 1,4 til 2,6 milljónir króna.

Í kringum þrjátíu snjallúr eru þegar á markaðinum. Eins og með flestar nýjungar frá Apple mætir fyrirtækið á markað í mótun og í þetta skipti eru gríðarlegir hagsmunir í húfi. Apple hefur hreðjatak

á raftækjamarkaðinum og verði sjósetning Apple Watch farsæl mun það vafalaust hafa afar jákvæð áhrif á vörutegundina sem slíka. Misheppnist Apple gæti það haft skelfilegar afleiðingar fyrir þau fyrirtæki sem þegar selja snjallúr. Það verður að teljast ólíklegt að Apple stígi feilspor. Í þau fáu skipti sem Apple hefur gefið út slæma vöru hefur það á endanum gengið nokkuð vel. Fyrsti iPhone-inn er ágætt dæmi. Það voru fjölmargir betri símar á markaðnum 2007 en Apple á heidurinn af því að færa hugmyndina um snjallsíma til fólksins og það sama á við um snjallúrið nú.

Hin mikla bylting sem Apple lofar á síðan einnig við um heilbrigðisrannsóknir. Apple mun hafa milli-göngu um öflun heilbrigðisupplýsinga með ResearchKit sem er hugbúnaður sem breytir HealthKit-appinu og iPhone í sjúkdómsgreiningarvél. Fimm öpp fyrir iPhone munu greina fyrstu einkenni Parkinsons og fleiri sjúkdóma. ResearchKit er opinn hugbúnaður og þegar mælitæki Apple Watch bætast við upplýsingaöflun HealthKit eru möguleikarnir gríðarlegir.

Apple veit betur en þú

Stóra spurningin er hvort Apple tekst að snúa við tímanum og gera armbandsúrinn nauðsynleg á ný. „Ég var fullur efasemdá þegar ég keypti mér Pebble-snjallúrið,“ segir Hörður Ágústsson, framkvæmdastjóri MacLand. „Þegar ný tækni kemur fram á sjónarsviðið er auðvelt að mynda sér skoðun út frá hleypidómum. Það

sem ég áttaði mig á var að snjallúrið býr til styttri leið í símann, sem er frábært. Pebble er ekki beint sexí græja en hver veit hvað mun gerast ef Apple tekst að koma snjallúrinni í meginstrauminn.“

Hörður bendir á að fimm ár eru síðan Apple kynnti nýja vöru og því augljóst að það er mikil alvara að baki Apple Watch. „Apple hefur trú á þessu. Þeir eru með 700 milljón manns sem eiga iPhone og það er lítið mál fyrir þetta fólk að nýta sér úrið.“

Fyrstu kynslóðir iPhone og iPad höfðu fátæklegt framboð hugbúnaðarlausna. Með Apple Watch ríður Apple á vaðið með fjölda smáforrita, t.d. Instagram og Uber.

Ólafur Sólímán hjá viðskiptaþróun Eplis tekur í sama streng. „Það er augljóst að Apple hefur lagst í gríðarlega þróunarvinnu. Þetta þýðir að þeir eru með eitthvað gott í höndunum.“

Grunnur þegar lagður

Ólafur og Hörður geta ekki sagt til um hvenær Apple Watch lendir hér á landi. Hörður er þó bjartsýnn á að Íslendingar fái að kynna Apple Watch á næstu mánuðum.

Ólafur segir að Apple Watch geti markað ákveðin tímamót í tækni-giraranum og fest vöruflokkinn í sessi. „Þeir eru að stíla inn á það,“ segir Ólafur. „Þeir hafa undirbúið komu Apple Watch gríðarlega vel. iBeacons og Apple Pay, þar sem úrið er greiðslukort, eru dæmi um það sem Apple hefur innleitt svo að Apple Watch falli vel að markaðinum.“



„Þeir eru með 700 milljón manns sem eiga iPhone og það er lítið mál fyrir þetta fólk að nýta sér úrið.“

Hörður Ágústsson



„Það eru ávallt efasemdir en eftir situr að við erum að tala um Apple, þetta er fyrirtæki sem nær ávallt árangri.“

Ólafur Sólímán

Það eru sannarlega gagnrýnisráddir á lofti. Rafhlöduending Apple Watch þótti ekki merkileg. Hún er 18 klukkustundir en Apple hefur upplýst að hægt verði að skipta út rafhlöðunni. Útlit úrsins hefur einnig verið gagnrýnt. Vinsælustu snjallúrinn í dag er nær öll hringlaga, Apple Watch er ferhyrningur með rúnnuðum hornum.

„Ef einhver kann að vinna sína rannsóknarvinnu, þá er það Apple. Það eru ávallt efasemdir en eftir situr að við erum að tala um Apple, þetta er fyrirtæki sem nær ávallt árangri,“ segir Ólafur.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Í HAFNARBORG

Kammerkór Hafnarfjarðar heldur tónleika í Hafnarborg á sunnudaginn klukkan 20. Lögin eru öll útsett af Gunnari Gunnarssyni píanóleikara og mörg þeirra samin af Tómasi R. Einarssyni bassaleikara. Þeir félagar spila undir á tónleikunum.

DÚ VELUR NÁTTÚRULEGA

DGJ ORGANICS SHAMPOO

ÁN PARABENA OG SLS

Dreifing www.isflex.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

S A F T

VINUR MÖMMU
Fjölskylda Audda er samrýnd og hittist oft. Þau taka í spil eða horfa á sjónvarp saman.
MYND/PIJETUR

NÚ ENNÞÁ ÖFLUGRA D-VÍTAMÍN MUNNSPREY

Einfalt í notkun

- Spreyjað undir tungu
- Gott bragð
- Vörn gegn kvefi og flensu



Útsöluastaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana

MEÐ NETTA SNERTIFÆLNI

PRAKKARINN Auðun Blöndal eða Audda Blö þekkja flestir sem grínista og uppátækjasaman dagskrárgerðarmann. Í þáttunum Ísland got talent bregður hann sér hins vegar í hlutverk sálusorgara sem knúsar fólk innilega.

Þættirnir Ísland got talent hafa slegið rækilega í gegn annað árið í röð. Annað kvöld hefst úrslitakeppnin sem fram fer næstu sunnudaga í beinni útsendingu á Stöð 2. Auði stendur baksviðs með keppendum, hughreystir þá og hvetur áfram. En er ekki erfitt að standa með öllum? „Ég var þínu stressaður í upphafi yfir því hvernig mér tækist að peppa og hugga. Síðan reyndist það auðvelt. Minnti mig á þegar ég tók þátt í uppstandi í fyrsta skipti árið 2001.

Það var keppnin Fyndnasti maður Íslands sem var haldin á Kaffi Viktor og ég skal á beininum, var hrikalega stressaður og enginn að styðja við bakið á mér. Þegar ég sé stressið hjá keppendum Ísland got talent skil ég vel hvernig þeim líður. Hvatningin og stuðningurinn kemur því beint frá hjartanu,” svarar Auði.

ENGIN KNÚSTÝPA

Þegar hann er spurður hvort hann eigi auðvelt með að knúsa fólk,

segir hann: „Nei, og það myndna er að ég er með netta snertifælni. Sú fælni gleymist þó fljótt á sviðinu. Ég er alls ekki þessi knústýpa en stemningin verður þannig að knúsið verður innilegt. Maður hrífst með þeim sem gengur vel og hughreystir þá sem eru niðurbrotinir. Þá brýst fram þetta mannlega inni í manni. Það er reyndar ómurlagt að horfa á niðurbrotið fólk með tár í augunum sem dómnefndin hefur hafnað. Maður fær alveg illt í magann,” segir Auði og bætur

Margverðlaunuð vítamínlína



Allar vörur Natures Aid eru GMP vottaðar

www.gengurvel.is

Rauðrófu kristall

Betra blóðflæði - Betri heilsa

Nitric Oxide SuperBeets duft allt að 5 sinnum öflugra
1. dós superbeets jafngildir 30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa

Af hverju er SuperBeets sá eini sem þorir að bjóða Nitric Oxide próf með sinni vöru. Því SuperBeets einfaldlega virkar.

ATH: Rauðrófu töflur hylki VIRKA EKKI til að auka blóðflæði. Aukið blóðflæði er að völdum bakteríu í munni, þá virkar nitrate ekki ef tafla sem lendir ofan í maga og fer fram hjá bakteríum í munni. The nitrate in the juice is converted in saliva, by bacteria on the tongue, into nitrite and then to Nitric Oxide.

Nitric Oxide Nóbelsverðlaun 1998 fyrir lífeðlisfræði - Sameind ársins 1992

"The discovery of N-O and its function is one of the most important in the history of cardiovascular medicine." Dr. Valentin Fuster President of the American Heart Association



lækkað verð

Fæst í Apótekum og heilsubúðum vitex.is

við að það hafi komið fyrir að fólk hafi hágrátið í fanginu á honum. „Það hefur líka komið fyrir að fólk strunsar út án þess að líta á mig og það er virkilega erfitt. Þá fær maður ekki tækifæri til að gefa fólkinu huggun. Þetta starf er því líka mikil lífsreynsla fyrir mig.“

Þarf maður að læra hvernig á að veita svona stuðning? „Nei, það kemur af sjálfu sér að hvetja fólk áfram. Reyndar hef ég alltaf verið mikill aðdáandi svona þátta, eiginlega nörd á þessu sviði. Ég hef horft á alla American Idol, Britain's Got Talent og X-factor og lært heilmikið af því, til dæmis af Ryan Seacrest sem er sérfræðingur á þessu sviði. Ég á tvær systur, aðra yngri og hina eldri og við hittumst oft til að horfa saman á þessa þætti og höfum gert lengi. Það var því mikill heiður fyrir mig að fá að vera með í Ísland got talent-þáttunum.

Í fyrra upplifði ég í fyrsta skipti að vera í beinni útsendingu í sjónvarpi og fannst það mjög spennandi. Þegar við vorum með þættina 70 mínútur í gamla daga voru þeir aldrei í beinni. Þetta er því öðruvísi adrenalín og skemmtileg vinna. Á bak við tjöldin starfar ótrúlegur fjöldi frábærra fagmanna og það er gaman að vera partur af svona stóru verkefni. Sviðið verður stórkostlegt á morgun og miklu flottara en í fyrra,“ segir Auddi. „Eitt af því besta er að hafa kynnst þessum frábæru dómurum, Bubba, Þorgerði, Jóni og Selmu. Þetta er stórkostlegt fólk og við náum vel saman. Við höfum farið saman út að borða og hist utan vinnu sem hefur verið virkilega ánægjulegt.“

VENJULEGUR BOLUR

Fyrir utan að vera kynnr í Ísland got talent stýrir Auddi útvarpsþáttum á FM957 ásamt Steinda Jr, (Steinþóri Steinþórssyni) og Agli Einarssyni. Þá er hann einnig að undirbúa nýja þáttaröð af Atvinnumönnunum okkar. „Í kvöld verð ég veislustjóri á árhátíð MS en ég geri talsvert af því og núna er tími árhátíðanna,“ útskýrir hann. „Þegar því verður lokið fer ég heim til að fara yfir handritið að Talentinu. Það mun halda áfram á morgun þannig að helgin fer í undirbúningsvinnu. Annars er alltaf voða mikið að gera hjá mér og helgarnar þéttar.“

Hvenær hefur þú þá tíma til að skemmta þér? „Ég finn mér alltaf tíma til þess,“ segir hann og hlær. „Engar áhyggjur af því. Ég tek reyndar pásu frá skemmtanalíf-inu þennan mánuðinn vegna anna. Annars hef ég gaman af að fara í bíó og að spila golf. Svo finnst mér skemmtilegt að spila. Ég spila oft með móður minni, Hafðísi Sveins-



STRÁKARNIR Þeir félagar gefa hér stórt knús, Auddi, Pétur og Sveppi.

dóttur, og systur en við erum samrýnd fjölskylda,“ segir hann. Móðir Audda hefur oft verið dregin fram í sviðsljósið í útvarpsþáttum sonarins. „Við Sveppi stríðum henni reglulega í útvarpinu. Hún var ekkert hrifin fyrst en er farin að venjast því. Hún á mjög erfitt með að segja nei við einkasoninn.“

Keila er eitt af áhugamálunum Audda. Þegar hann er spurður um fleiri tómsundur, svarar hann. „Ég fer í líkamsrækt á daginn til að halda góðri orku. Ég reyni að hugsa vel um heilsuna. Annars er ég bara ósköp venjulegur bolur,“ segir hann.

NOKKUÐ SÁTTUR

Útvarp eða sjónvarp? „Þetta eru ólíkir miðlar en báðir skemmtilegir og áhugaverðir. Þegar ég byrjaði með útvarpsþætti fyrir þremur árum var ég búinn að vera lengi í sjónvarpi og fannst það góð tilbreyting. En svo finnst mér æðislegt að vera aftur í sjónvarpi núna.“ Auddi er einhleypur, barnlaus og býr einn. Þegar hann er spurður um kvennamál, svarar hann: „No, komment“. Hann er fæddur 8. júlí 1980 og verður því 35 ára í sumar. „Ég er bara nokkuð sáttur við aldurinn, hef alltaf haldið upp á afmælið mitt. Það verður því veisla í sumar,“ segir hann.

Líf Audda hefur verið fjölbreytt. Það eru fjórtán ár síðan hann kom fyrst fram í sjónvarpsþáttunum 70 mínútur á Popptví ásamt Sigmari

Vilhjálmssyni, Jóhannesi Ásbjörnsyni og Sverri Þór Sverrissyni, Sveppa. Árið 2004 kom Pétur Jóhann Sigfússon líka í þáttinn en þá voru þeir Simmi og Jói hættir. Þættirnir fóru síðan yfir á Stöð 2 og nefndust Strákarnir. Auddi var seinna með þáttinn Tekinn þar sem hann hrekkti fræga fólkíð auk þess að leika í þáttunum Svínasúpunni og Stelpunum. Þá hefur hann haft umsjón með sjónvarpsþáttunum Atvinnumönnunum okkar þar sem hann heimsækir atvinnumenn í knattspyrnu.

Auddi segist eiga von á að halda áfram á sama sviðinu. „Á meðan mér finnst þetta gaman vil ég halda áfram. Mér finnst líka skemmtilegt að leikstýra og halda utan um hluti,“ segir hann.

GRÍNARINN

Oft hefur verið gert grín að Audda í þáttunum, stundum hefur það grín komið alveg óvænt. Hann segir að það sé partur af starfinu sem engin ástæða sé til að hafa áhyggjur af. „Maður þarf að hafa húmor fyrir sjálfum sér. Ef maður er sáttur við sjálfan sig þá er þetta ekkert erfitt. Ætli maður sé ekki kominn með harðan skráp en það er langt frá því að svo hafi verið í upphafi. Einu sinni var ég vakinn með fimm lítrum af köldu vatni og rúmið mitt eyðilaggt. Það var reyndar ekki skemmtilegt,“ viðurkennir Auddi en sjálfsagt er hann lítið skárrí hrekkjalómur en félagarnir. ■ elin@365.is

ÞJÓNUSTULIÐI RÆSTING



í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Möguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari

RÝMINGARSALA

allt að 70% afsláttur

comma

Smáralind
facebook.com/Commalceland

MATRIX

Total Result á 20% afslætti
– á öllum Matrix sölustöðum landsins.

Finndu okkur á „Matrix á Íslandi“



AUÐVELT AÐ BÚA TIL HRÖKKBRAUÐ

■ GOTT UM HELGINA

Það er auðvelt að búa til sitt eigið hrökkbrauð. Gott með kaffinu um helgina. Það má breyta um hnetur og fræ í þessari uppskrift eftir smekk.

- 2 dl haframjöl
- 1,5 dl hveiti
- 1,5 dl hörfræ
- 1 dl sesamfræ
- 3 msk. valmúafrae
- 2 dl valhnetur
- 3 dl vatn
- 5 rósmarínkvistar, ekki stöngull gott hafsalt

Blandið saman haframjöli, hveiti, hörfræjum, valmúafraejum og sesamfræjum í skál. Bætið vatni saman við og hrærið allt vel saman. Látið standa á borði í 40 mínútur. Hakkið valhnetur og setjið út í deigið. Hakkið rósmarín mjög smátt og hrærið einnig saman við.

Setjið bökunarpappír á ofnplötu og smyrjið deiginu yfir pappírinn. Reynið að hafa deigið alls staðar jafn þunnt. Skerið í deigið í þá stærð sem kökurnar eiga að vera. Stráðið salti yfir.

Hitið ofninn í 160°C. Bakið í miðjum ofninum í 30-40 mínútur. Kælið áður en brauðið er skorið niður og borðað með smjöri og osti.

PRÓTEINRÍKT VIÐBIT

■ ÝMIS TILBRIGÐI

Hummus er gott með hrökkkexi eða nýbökðu brauði. Það er í grunninn búið til úr kjúklingabaunum, tahini, ólífuolíu, sítrónusafa, salti og hvítlauk en gjarnan bragðbætt með ferskum kryddjurtum eða sólþurrkuðum tómötum. Hummus er afar próteinríkt. Það er jafnframt ríkt af járni og C-vítamíni. Sömuleiðis af fólínsýru og B6-vítamíni.

Hér fylgir uppskrift að hummus með sólþurrkuðum tómötum og chili.

- 1 dós niðursoðnar kjúklingabaunir
- 2 hvítlauksrif
- 1 rauður chili
- 2 msk. tahini safi úr 1/2 sítrónu/límónu
- 1 msk. söxuð fersk steinselja nokkrir sólþurrkaðir tómatar
- 2 msk. ólífuolíu sjávarsalt eftir smekk

Allt maukað saman í matvinnsluvél eða blandara þar til mjúkt.

ÓKEYPIS Á ÆSKAN OG HESTURINN

Skemmtileg sýning fyrir alla fjölskylduna

■ HESTAR OG BÖRN

Hin árlega sýning Æskan og hesturinn verður haldin í Reiðhöllinni í Viðidal á sunnudaginn. Sýningarnar verða tvær eins og áður, klukkan 13 og 16.

Sem fyrr verður mikið um dýrðir, María Ólafsdóttir Eurovisión-fari kemur og syngur fyrir gesti á fyrri sýningunni og Lína Langsokkur kemur í heimsókn klukkan 16.

Öll hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu standa að verkefninu Æskan og hesturinn. Mikið er lagt í hverja sýningu þar sem sýnd verða fjölmörg skemmtileg atriði með hestum, börnum og búningum.

Aðgangur er ókeypis á sýningarnar og er þetta kjörið tækifæri til að kynna yngri kynslóðina fyrir hestamennskunni.



NUTRILENK - hollráð við liðkvillum. Náttúruleg bæti efni fyrir liðina



Með Nutrilenk á toppinn!

“Ég tók 4 töflur af Nutrilenk Gold á dag allan tímann sem ég var í ferðinni”, segir Ingólfur Geir Gissurarson, annar eigandi fasteignasöluunar Valhallar, sem varð í maí síðastliðinn elsti Íslendingurinn til að toppa Everest.

Ingólfur hefur ávallt verið mikill íþróttamaður. Á sínum yngri árum æfði hann og keppti í sundi og setti 19 Íslandsmeistara á sínum keppnisferli og var m.a. valinn sundmaður ársins af sundsambandinu árið 1981. Eftir að sundferlinum lauk hóf Ingólfur að stunda maraþonhlaup og varð 5 sinnum Íslandsmeistari á árunum 1995-2001. Á þessum tíma varð hann var við að álagið á hnén var orðið töluvert mikið. Vitandi að mamma hans væri með slitgigt og komin með gervimjadmír báðum megin ákvað hann að gera eitthvað í sínum málum til að passa betur upp á liðina. Hann byrjaði að taka inn Nutrilenk Gold 2008 og tekur að jafnaði 2-3 töflur á dag en eykur skammtinn þegar mikið liggur við. Ingólfur segist finna mikinn mun á sér eftir að hann byrjaði að taka inn Nutrilenk Gold og sé töluvert minna þreyttur í liðunum eftir langar æfingar eða mikil átök.

Fyrsti íslenski afinn á Everest

Ingólfur hefur verið viðloðandi fjallgöngur hér heima og erlendis um árabíl. Hann hefur m.a. klifið

fjallið Elbrus í Rússlandi sem er hæsta fjall Evrópu og Aconcagua í Argentínu sem er hæsta fjall Suður Ameríku. Draumurinn um að klífa Everest varð þó sífellt sterkari og fyrr á þessu ári verð hann að veruleika. Undirbúningurinn stóð yfir með hléum í eitt og hálft ár og þurfti Ingólfur á því tilnabili að æfa gríðarlega mikið. Þegar pakkað er fyrr svona ferð þarf að huga sérstaklega að öllum smáatriðum og taka með sér aðeins það nauðsynlegasta. Álagið á hné, mjadmir og kálfa var gríðarlegt á leiðinni á toppinn og það mesta sem ég hef upplifað, því tók ég að sjálfsöðu með mér góðan skammt af Nutrilenk Gold.”



Ingólfur Geir Gissurarson



Hvað getur Nutrilenk gert fyrir þig?

Við mikið álag og eftir því sem árin færast yfir getur brjóskefufurinn rýmað sem veldur því að liðirnir slitna. Mjög margir finna fyrir óþægindum og verkjum þegar liðfletirnir nýst samari, sérstaklega í liðamótum í mjóðrum, hrygg og hnjám. Þess vegna er til mikils að vinna að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilirigður liður



Liður með slitnum brjóskef

Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið og beinin

Nutrilenk Gold er frábert byggingarefni fyrir brjóskef og getur minnkað liðverki, brak í liðum og stíðleika. Inniheldur brjósúr fiski- og hákarlabeinum sem er öflugt byggingarefni fyrir bein og brjóskef enda ríkt af kondritíni, kondritín sulfati, kollageni og kalki. Hentugt fyrir þá sem þjáast af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum.

Nutrilenk hefur hjálpað fjölmörgum. Nutrilenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjáast af brjóskefeyrnum.

Prófið sjálf - upplifið breytinguna!

Nánari upplýsingar á www.gengurvei.is

Skráðu þig á facebook síðuna Nutrilenk fyrir liðina - því getur fylgt heppni!

Nutrilenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna

**HEIMILI OG SKÓLI
ÓSKA EFTIR TILNEFNINGUM TIL
FORELDRAVERÐLAUNA 2015**

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landsamtaka foreldra verða afhent **miðvikudaginn 20. maí 2015, kl. 13:30** við hátíðlega athöfn í **Þjóðmenningarhúsinu**.

Tilnefningar sendist með því að fylla út rafrænt eyðublað á heimiliogskoli.is. Hægt er að tilnefna til Foreldraverðlauna en einnig má tilnefna Dugnaðarfork Heimilis og skóla. Síðasti skiladagur tilnefninga er **6. maí 2015**.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

SUÐURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS



HIRÐ HINS HORFNA TÍMA Mikið var lagt í skemmtiatriði Mótettukórsins fyrir árs hátíðina þetta árið. Búningar voru leigðir af Íslensku óperunni og hárkollur keyptar í karnivalbúð í London.

MYND/EINAR PÁLSSON

TIGNARLEG HIRÐ HINS HORFNA TÍMA

DANSINN STIGINN Hárkolluklæddir meðlimir Mótettukórs Hallgrímskirkju liðu um kirkjugólfið í Skálholti í byrjun mánaðar. Þar stigu þeir átjándu aldar barokkdans í tilefni árs hátíðar, íklæddir búningum sem hæfðu tilefninu.

Þetta var óskaplega gaman. Við lögðum mikinn metnað í að dansa vel og þótt dansinn sé kómískur fannst okkur við vera afar tignarleg í búningunum," segir Þórhallur Vilhjálmsson, tenór í Mótettukór Hallgrímskirkju glaðlega, en hann tók þátt í metnaðarfullu skemmtiatriði kórsins nýverið. Æfingabúðir Mótettukórsins voru haldnar í Skálholti helgina 6.-8. mars og árs hátíð kórsins á laugardagskvöldinu. „Þema hátíðarinnar í ár var barokk af því að kórinn mun í ágúst taka þátt í flutningi á óratóriunni Solomon eftir G.F. Händel á Kirkjulistahátíð en verkið höfum við æft ásamt öðru síðan í janúarbyrjun," segir Þórhallur. Á einni æfingunni talaði stjórnandinn, Hörður Áskelsson, um hve skemmtilegt væri að læra einhvern 18. aldar dans við einn kórinn í óratóriunni. „Þá fæddist þessi hugmynd meðal nokkurra kórfélaga að finna danskennara til að hjálpa þeim sem höfðu áhuga á að læra slíkan dans," útskýrir Þórhallur og hugmyndin vatt upp á sig. „Eftir mjög stutta leit fundum við einn mesta fagmann landsins í dansi, Ingibjörgu Björnsdóttur, listdans-kennara, sagnfræðing og fyrrverandi skólustjóra Listdanskóla Íslands, til að taka verkið að sér. Átján manna hópur hóf æfingar undir leiðsögn Ingibjargar og það varð úr að við æfðum svokallaðan barokkhornpipe-dans við kafla úr Vatnatónlist Händels sem kallast „Alla Hornpipe“. Þetta var upphaflega sjómanna-dans en þetta barokktilbrigði er mun fágaðra," segir



HANDEL Georg Friedrich Händel samdi danstónlist síns tíma.

Þórhallur. Mikil leynd hvíldi yfir æfingunum enda átti að flytja dansinn sem skemmtiatriði á árs hátíðinni.

Dansæfingarnar gengu framur vonum og þá var ákveðið að taka atriðið alla leið.

„Við leigðum búninga af Íslensku óperunni og einn félagi okkar sem átti leið um London kom við í karnivalbúð og keypti hárkollur á allan hópinn. Svo fengum við Ólöfu Benediksdóttur til að vera búningameistari.“

Þegar kom að stóra deginum var fengið leyfi hjá Kristjáni Vali Ingólfssyni, vígslubiskupi í Skálholti, til að dansa í kirkjunni sjálfri sem gaf dansinum tignarlega umgjörð. „Það hefur ekki verið góð reynsla af því að dansa í leyfisleysi í kirkjum í uppsveitum Árnessýslu eins og gerðist í kirkjunni í Hruna þarna um árið," segir Þórhallur glettinn.

Hirð hins horfna tíma, eins og hópurinn kallaði sig, vakti óskipta gleði meðal annarra kórmeðlima. „Það er meira að segja komin upp sú umræða hvort við munum taka þennan dans eða einhvern annan á Kirkjulistahátíðinni í búningum og öllu. Ég held að fólk hefði gaman af að sjá það.“

■ solveig@365.is

TÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRSINS

Passía, op. 28, eftir Hafliða Hallgrímsson verður flutt 3. apríl á föstudaginn langa.

Óratórian Solomon eftir G.F. Händel verður flutt í Hallgrímskirkju 15., 16. og 17. ágúst.

Afmælis dagar!

Komdu í afmæli dagana 12.-21. mars

10% afsláttur af nýjum vörum

50-70% afsláttur af völdum vörum

B/A/S/L/E/R Parisar TÍZKAN

Fylgist með okkur á

Skipholti 29b S. 551 0770

Til hvers að flækja hlutina?

365

LIFÐU Í NÚLLINU!

0 kr.

Þú færð GSM áskrift, internet og heimasíma fyrir 0 krónur með völdum sjónvarpsþökkum 365.

365.is Sími 1817



DANS Á KIRKJUGÓLFÍ Kórfélagarnir lærðu ekta barokkdans af Ingibjörgu Björnsdóttur listdans-kennara, sagnfræðingi og fyrrverandi skólustjóra Listdanskóla Íslands.

ALVEG UNDRANDI HVAÐ FEMARELLE VIRKAR VEL

ICECARE KYNNIR Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.

Gerður Guðjónsdóttir er betri af verkjum í liðamótum og meltingin hennar hefur lagast eftir að hún fór að taka Femarelle.

„Mér bauðst að prófa Femarelle fyrir tveimur mánuðum og ákvað ég að slá til. Ég hafði verið með verki í liðamótum og í vöðvum í töluverðan tíma, hélt ég væri komin með liða- og vefjagigt. Einnig hafði ég verið slæm í meltingunni en ég var orðin mjög von því eftir mörg ár, þannig að það var ekki að angra mig sérstaklega. Eftir um það bil eina viku fann ég fljóttlega mun á liðamótunum og



var ekki lengur með verki. Þá fór ég að hugsa hvað ég hefði gert öðruvísi en áður, og þá rann upp fyrir mér að það væri inntakan á Femarelle sem var eina breytingin hjá mér. Ég var mjög ánægð að uppgötva það

að ég fyndi svo fljótt mun á mér, og ákvað að halda áfram að taka það. Núna get ég setið lengi við og heklað og þrjónað, sem ég gat varla gert lengur. Ég á erfitt með að gleypa hylki, þess vegna tek ég innihaldið úr hylkjunum og blanda með matnum. Eftir um það bil mánuð þá fann

ég líka mjög góða breytingu á meltingunni en þar sem ég hafði verið í mörg ár með slæma meltingu, þá kom þetta mér sérstaklega á óvart og er ég alveg undrandi og mjög glöð að Femarelle skuli virka svona vel á mig.

FEMARELLE ER ÖRUGGUR KOSTUR FYRIR KONUR

- Vinnur á einkennum tíðahvarfa.
- Slær á óþægindi eins og hitakóf, höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum.
- Þéttir beinin.
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef.
- Náttúruleg vara, unnin úr soya og inniheldur tofu-extract og hörfræjaduft.
- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða.
- Staðfest með rannsóknum sem fram hafa farið síðustu þrettán ár.



FINNUR MUN Á SÉR Gerður var ánægð að uppgötva að hún fyndi svo mikinn mun á sér eftir að hún hóf að taka inn Femarelle.

LIFIR ÞÚ LÍFI ÞÍNU TIL FULLS?

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin og fita í lifrinni getur haft slæm áhrif á líðan. Active Liver getur hjálpað í þessu.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þröttleysi geta verið merki þess að mikið álag er á lifrinni.

NYTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Nú má fá hjálp til þess að minnka það að sögn Birnu Gísladóttur, sölu- og markaðsstjóra hjá Icecare, sem flytur inn Active Liver. „Active Liver styður við niðurbrot fitunnar í þörmunum, bætir meltinguna og stuðlar að eðlilegri lifrarstarfsemi. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallslans.“ Kirsten var



með dæmigerð einkenni þess að fita hefði safnast upp í lifrinni. Hún var í ofþyngd, oft uppþembd, með meltingarvandamál og „svampkennda“ húð. Auk þess var hún oft þreytt. Kirsten fékk tækifæri til að prófa nýju Active Liver-töflurnar og eftir þriggja vikna notkun varð hún undrandi. „Húðin á mér er betri og pokarnir undir augunum hafa minnkað. Ég geisla og lít heilbrigðari út. Ég er mjög ánægð og hef ekki sömu löngunina í óhollan mat, áfengi, sætindi og kaffi. Það leikur enginn vafi á því að mér líður miklu betur. Ég er í náttúrulegri vímu. Jurtatöflurnar eru góðar fyrir lifrina og meltinguna. Áður fyrr fann ég að meltingin var ekki í lagi en maður finnur ekki eins mikið fyrir því ef lifrin starfar ekki eðlilega. Þess vegna hafði ég ekki leitt hugann að því hversu mikilvæg lifrarstarfsemi er fyrir aukna veliðan.“

„Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Við erum ekki von þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu.



BIRNA GÍSLADÓTTIR Birna er sölu- og markaðsstjóri hjá Icecare sem flytur inn Active Liver en töflurnar styðja við niðurbrot fitu í þörmum, bæta meltinguna og stuðla að eðlilegri lifrarstarfsemi. MYND/VALLI

Sem betur fer er það ekki einungis prótein sem getur örvað lifrarstarfsemi,“ segir Birna.

LEYNDARMÁLÍÐ UM ACTIVE LIVER

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtabykkni, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og gallslans og efnið kólín sem er mikilvægt fyrir fitubrennslu og hjálpar til við að minnka fitu sem getur safnast fyrir í lifrinni.

LÉTTIST UM TVÆR FATASTÆRÐIR

„Eftir að ég tileinkaði mér heilbrigðari lífsstíl, með því að taka inn Active Liver-töflurnar með kvöldmatnum, finn ég fyrir aukinni veliðan. Ég hef farið niður um tvær fatastærðir og skipt út fataskápnunum. Það er frábært,“ segir Kirsten.

BIO-KULT VIRKAR LANGBEST

Bio-Kult Candéa er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflórana. Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir fær síður sveppasýkingar og önnur óþægindi eftir að hún hóf notkun þess. Hún er mjög ánægð með árangurinn af notkun Bio-Kult.

Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og perring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var von, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa,“ segir Kolbrún. „Venjulega þegar ég hef verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa-hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“



KOLBRÚN HLÍN HLÖÐVERSDÓTTIR

hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðu-óþol, perringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsvíði, verkir í liðum, migreni eða ýmis húðvandamál. Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlaug og Grape Seed Extract. Bio-Kult Candéa hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.



HELGIN SNÝST UM HÖNNUN

ÍSLENSK HÖNNUN Guðrún Valdimarsdóttir vöruhönnuður frumsýnir nýtt húsgagn í Epal. Hún segir HönnunarMars eiga hug sinn allan um helgina og býst við því að fara snemma í háttinn í kvöld.

Það er alltaf ákveðið spennu-
fall þegar marsinn fer í gang og helgin mín mun algerlega snúast um HönnunarMars, bæði mína eigin sýningu og annarra. Ætli ég fari ekki snemma að sofa í kvöld,“ segir Guðrún Valdimarsdóttir vöruhönnuður þegar hún er spurð út í helgarplönin.

Guðrún tekur þátt í samsýningu þrjátíu hönnuða í versluninni Epal, Skeifunni 6, á HönnunarMars þar sem kynntar verða um sextíu nýjar vörur.

Kommóða Guðrúnar er viðbót við skrifborðið Hyl sem hún sýndi á HönnunarMars í fyrra en hún er smám saman að byggja upp heildstæða vörulínu undir nafninu Hylur.

„Ég sótti um styrk hjá Hönnunarsjóði í sumar og fékk hann, til að halda þróunarvinnunni áfram og byggja upp húsgagnalínu. Ég er þegar búin að teikna upp náttborð sem ég á einungis eftir að fínþússa áður en þau geta farið í framleiðslu í haust. Svo langar mig að bæta fjórða hlutum við í línuna, en enn er of snemma að segja meira um hann,“ segir Guðrún en línun er íslensk framleiðsla, smíðuð hjá trésmiðju GKS. „Þeir eru algerir snillingar á verkstæðinu og skila afar vönduðum vinnubrögðum.“

TEKUR ÞÁTT Í 100% DESIGN Í LONDON



HYLUR Skrifborðið sem Guðrún kynnti á HönnunarMars í fyrra.

Skrifborð Guðrúnar er þegar komið á markaðinn og fæst í Epal en hún hyggur einnig á markaðssetningu erlendis. Í haust tekur hún þátt í hönnunarsýningunni 100% Design í London.

„Ég stefni á að fara með skrifborðið, kommóðuna og náttborðin út. Við erum þrír íslenskir hönnuðir sem fara, Þórunn Hannesdóttir í Færinu og Sigríður Hjaltadal Pálsdóttir með Bybibí. Við þrjár höfum sýnt saman áður og myndað félag, North Limited, til að halda utan um sýningar og tengslanet. Það er erfiðara að standa einn í þessu,“ segir Guðrún.

ÚR MÖRGU SPENNANDI AÐ VELJA

Hverju ætlaðu ekki að missa af um helgina?

„Ég er mjög spennt fyrir sýningu lokaársnema í vöruhönnun við LHÍ, Wood you, og eins langar



SPENNANDI SÝNINGAR Guðrún Valdimarsdóttir frumsýnir nýtt húsgagn í Epal.

MYND/GVA

mig að kíkja á sýninguna DØNSK & GLAZED DIALOG í Hannesarholti. Mig langar líka að kíkja í Aurum, en annars er svo ótrúlega margt spennandi um að vera

að það verður nóg að gera um helgina. Ég skrifa líka fyrir tímaritið Hús og híbýli og verð þess vegna líka „í vinnunni“ á sýningarrölti,“ segir Guðrún.

Nánar má forvitnast um hönnun Guðrúnar á vefsíðunum gudrunvald.com og á northlimited.com.

■ heida@365.is

www.fi.is

The Biggest Winner!

Lýðheilsu- og forvarnarverkefni Ferðafélags Íslands
Upplifðu náttúru Íslands

Nýtt verkefni að hefjast!

2015

Verkefnið er ætlað fólki í yfirvigt. Gengið er rólega tvisvar í viku á jafnsléttu til að byrja með en þegar líður á er farið í fjallgöngur og byrjað á Úlfarsfelli.

Kynningargöngur 17. og 19. mars kl. 18:00 frá Nauthóli í Nauthólsvík.

Biggest Winner hefur gefið mér aukið sjálfstraust, aukið þol og þor. Með þessum sérdeilis fráþæra hópi hefur gamall draumur ræst. Með því að byrja hægt og rólega og auka svo við með jákvæðri hvatningu hefur Biggest Winner hópurinn kennt mér að ég get allt.

Linda Heide

Biggest Winner hefur gefið mér stóraukið líkamlegt þrek og úthald auk ómældrar ánægju og áhuga á útvist og vilja til að takast á við nýjar áskoranir.

Baldur Skjaldarsson

Í fyrsta sinn hef ég fundið einhverja hreyfingu sem mér líkar og get stundað með fjölskyldunni. Ég er öruggari með sjálfan mig, spennt fyrir göngum og hreyfingu, frískari og úthaldið hefur aukist til muna. Ég sef líka betur, er hressari á morgnana, hugsu meira um hollt fæði og er bara meira tilbúin fyrir lífið.

Stefanía Eirika Kristjánsdóttir

Umsjón verkefnis: Steinunn Leifsdóttir og Páll Guðmundsson.

Nánari upplýsingar og fleiri vitnisburðir á www.fi.is
Skráning er í síma 568 2533 eða í netpóst fi@fi.is

Aðal samstarfsaðilar FÍ

VÍR

VALITOR

FJALLA
KOFINN



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | fi@fi.is | www.fi.is

Skráðu þig inn – drífðu þig út

Bifreiðaverkstæði til leigu

Fullbúið bifreiðaverkstæði með öllum tækjum og verkfærum til leigu frá 1 júlí 2015.

Staðsetning í nýju 360m² húsnæði að Njarðarbraut 1 Reykjanesbæ.

Áhugasamir hafi samband í síma 892 8808

SJÚKRALIÐI



Sjúkraliði óskast í sumarafleysingu við sjúkrahúsið Vog.

Upplýsingar veitir: Þóra Björnsdóttir
hjúkrunarforstjóri Vogs thora@saa.is

ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA

VAKTSTJÓRA

Í FULLT STARF. VIÐKOMANDI ÞARF AÐ HAFA RÍKA ÞJÓNUSTULUND OG GETA UNNIÐ SJÁLFSTÆTT.

Áhugasamir hafi samband með því að senda póst á netfangið nings@nings.is eða leggi inn umsókn á www.nings.is/atvinna



Hótel miðsvæðis í Reykjavík óskar eftir að ráða vanan smið í fulla vinnu í viðhald og endurbætur á húsnæði hótelsins. Dagvinna.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Viðkomandi þarf að vera vel skipulagður, stundvís og þægilegur í öllum samskiptum.

Umsóknir sendist á

box@frett.is merkt „Smiður-1403“

50

FIMMTU ÁR Á ÍSLANDI

TOYOTA

MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Markaðsfulltrúi Sölu- & markaðssviðs Toyota á Íslandi

Starfssvið:

- Umsjón með viðburðum og verkefnum sem Toyota á Íslandi stendur beint eða óbeint fyrir, bílasýningum, menningar- og íþróttaviðburðum og fleira.
- Vörumerkjastjórnun Toyota og Lexus, s.s. kynning nýrra bíla á markað, samskipti við Toyota Motor Europe og umsjón með réttri framsetningu vörumerkjanna
- Dagleg samskipti við utanaðkomandi aðila – til dæmis í tengslum við styrkbeiðnir, myndefni, merkingar og upplýsingar um vöru og þjónustu.
- Vínsla við bæklunga, verðlista og hvers kyns upplýsingaefni fyrir Toyota og Lexus í samstarfi við vörustjóra viðkomandi vörumerkja.

Hæfniskröfur:

- Öguð og vönduð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta – bæði í rituðu og töluðu máli
- Góð tölvukunnátta skilyrði – s.s. Word, Excel og Powerpoint
- Kunnátta á helstu hönnunarforrit æskileg – s.s. Photoshop, Illustrator og InDesign.

Toyota á Íslandi leitar eftir ungum einstaklingi sem er metnaðargjarn, samvirkusamur og jákvæður, með ríka þjónustulund og lipur í mannlegum samskiptum. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentum starfsfólki.

Áhugasamir sendi umsókn á atvinna@toyota.is ásamt ferilskrá, merkt "Markaðsfulltrúi."

Umsóknarfrestur er til 19. mars, en nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir í síma 570-5070 eða á netfanginu fanny@toyota.is

Toyota á Íslandi
Kauptúni 6
Sími: 570 5070
www.toyota.is

Meniga is looking for System Administrators

Meniga is the market leader in Personal Finance Management solutions in Europe, with PFM platform sales in over 15 countries.

System administrator

Your main task will be to provide support to your colleagues with their IT challenges in a busy day. It can be anything from troubleshooting networks, computers, server, software and smartphones to maintenance, operate and upgrading servers.

You have some work experiencing with Microsoft AD, office network and daily user support.

Any practise with Cisco, Office 365, scripting is a plus.

Experienced system administrator

Your daily tasks will be manage our internal Microsoft environment, maintaining our network and support our developer.

You have experience within Microsoft's Active Directory, PowerShell and other scripting, auto deployment and Microsoft System Center or similarly.

Any practise with Cisco, Office 365 is a plus.

We expect you to be service minded, able to work independently and take responsibility for your own tasks. You will have to be a team player who can work with others and communicate with end users and technicians around you. You also have to have the ability to immerse yourself and have a sense of humour – and last but not least, you are expected to thrive on having a busy workday.

You will join an extremely talented, fun and problem solving group, dedicated to providing our customers with next generation online banking and data analytics platform.

Application deadline: **March 23**

Please send your CV and cover letter in English to careers@meniga.com





Landsnet leitar að öflugum einstaklingi í starf umsjónarmanns lagers. Viðkomandi þarf að vera tilbúin(n) að sinna útköllum utan hefðbundins vinnutíma. Starfið heyrir undir innkaupastjóra í deild fjármála.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg umsjón með lager, m.a. skráningu birgðabókhalds og umsjón með strikamerkingum.
- Móttaka og afhending á vörum.
- Þjónusta við viðskiptavinum lagers.
- Umsjón með umhirðu lagersvæðis og tækja.
- Þátttaka í verkefnum sem tengjast heildarskipulagi lagermála hjá félaginu.

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir

- Sjálfstæðum og skipulögðum vinnubrögðum.
- Reynslu af lagerstörfum.
- Reynslu af notkun sölu- og lagerkerfa. Þekking á Dynamics AX er kostur.
- Mjög góðri tölvufærni.
- Hæfni í samskiptum.
- Metnaði til að ná árangri í starfi.
- Góðu líkamlegu atgervi.

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheimild, sterka samfélagsvitund og er í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

Umsóknarfrestur er til og með **22. mars 2015**. Umsækjendur eru beðin um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknnum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | Fax 563 9309 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is



Óskum eftir að ráða smiði, rafvirkja og kranamann

Áhugasamir hafi samband við
Jónas í síma 660 2407 eða jonas@verktaki.is

HERTZ LEITAR AÐ FRAMÚRSKARANDI VERKEFNASTJÓRA

Um er að ræða krefjandi starf við sölu, framkvæmd og úrvinnslu ýmissa verkefna á sölu- og markaðs- sviði Hertz bílaleigu. Dagleg samskipti við viðskipta- vini, ferðaheildsala og utnumhald þjónustu- samninga, ásamt tilfallandi verkefnum.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun og ferlavinnu er kostur
- Sjálfstæði í starfi og þjónustulund
- Fagleg og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði töluð og rituð
- Önnur tungumálakunnátta er mikill kostur
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hóp
- Góð tölvufærni s.s. Excel

Þeim sem vilja skila inn umsókn er bent á
www.hertz.is/atvinna

Umsóknarfrestur er til **23. mars**

Hertz

FLUGVALLARVEGUR 5 | 101 REYKJAVÍK | Sími 522 44 00

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STARFA Í NOREGI?

STARFAKYNNING 23. MARS Á CENTERHOTEL PLAZA REYKJAVÍK

EURES evrópsk vinnumiðlun í Noregi í samstarfi við EURES á Íslandi stendur fyrir starfakynningu **mánudaginn 23. mars kl. 15:00-20:00** í fundarsal á jarðhæð Centerhotel Plaza við Aðalstræti 4.

Kynningin er öllum opin og ókeypis en einkum er eftirspurn eftir smiðum, vélvirkjum, kokkum, kennurum á grunnskólastigi, skjúkraliðum, málurum, pípulagningarmönnum, verkfræðingum (skipa), verkstjórum (suðu- og málmiðnaðarmenn), starfsmönnum í jarðvegsvinnu, rafvirkjum, bifvéla- virkjum, starfsmönnum við steypusögun, gröfumönnum, verkefnisstjórum í byggingariðnaði, starfsmönnum í fiskeldi, hjúkrunarfræðingum, barþjónum, starfsfólki á veitingahús og iðnverakmönnum í reykhus (lax).

EURES ráðgjafar frá Noregi kynna atvinnutækifæri ásamt fulltrúum eftirtalinnna fyrirtækja og sveitarfélaga:

Solund Verft - www.solundverft.no

Solund kommune - www.solund.kommune.no

Match Bemanning - www.matchbemanning.no

Din Bemanning Partner - www.db-partner.no

JobZone – Helgeland, Bodø og Lofoten - www.jobzone.no

Svanøy Havbruk/Salmon Group - www.salmongroup.no

Sykehus Telemark - www.sthf.no

XL Diner - www.xlgroup.no

Nánari upplýsingar um störf má finna á heimasíðu EURES á Íslandi www.eures.is.





Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar Kópavogs

Kópavogsbær auglýsir eftir forstöðumanni þjónustumiðstöðvar. Forstöðumaður annast rekstur þjónustumiðstöðvar, rekstur og viðhald gatna ásamt því að hafa umsjón með garðyrkjumálum bæjarins. Starfið heyrir undir deildarstjóra Gatnadeildar á umhverfissviði.

Helstu verkefni:

- Umsjón með daglegum rekstri og stjórnun þjónustumiðstöðvar
- Annast rekstur og viðhald gatna, gangstétta og stíga
- Annast snjómokstur og hálfuvarnir
- Umsjón með tækjum og búnaði þjónustumiðstöðvar
- Undirbúningur að fjárhagsáætlun í samráði við deildarstjóra
- Umsjón með skrifstofu þjónustumiðstöðvar
- Umsjón með sumarvinnu í samráði við garðyrkjustjóra

Konur jafn sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 30. mars nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og framkvæmdum
- Reynsla af áætlanagerð og eftirliti með rekstri
- Reynsla af starfsmannamálum
- Leiðtogaþæfileikar, jákvætt viðmót og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, ögun í vinnubrögðum og metnaður til að ná árangri
- Góð tölvukunnátta
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg

capacent



Verkefnastjóri hjá gatnadeild Kópavogs

Kópavogsbær auglýsir eftir verkefnastjóra. Starf verkefnastjóra er fjölbreytt og krefjandi, viðkomandi gefst tækifæri til að móta starfið enn frekar. Verkefnastjóri heyrir undir deildarstjóra Gatnadeildar á umhverfissviði.

Helstu verkefni:

- Undirbúningur og rekstur Vinnuskóla og skólagarða Kópavogsbæjar
- Stefnumótun og framþróun Vinnuskóla
- Þróun á verkþókhald þjónustumiðstöðvar
- Skráning og þróun verkferla á umhverfissviði
- Yfirumsjón með sumarstörfum hjá Kópavogsbæ
- Umsjón með heimasíðu Vinnuskóla og skólagarða
- Vinnur að starfsmannamálum á umhverfissviði

Konur jafn sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 30. mars nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Reynsla af starfi með börnum og unglíngum
- Leiðtogaþæfileikar og færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Góð tölvukunnátta

capacent



Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt. **Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

Microsoft Dynamics NAV sérfræðingar

Óskum eftir að komast í samband við reynda Microsoft Dynamics NAV forritara og ráðgjafa. Mikil tækifæri í boði fyrir NAV sérfræðinga sem hafa náð góðum árangri í starfi.

Nánari upplýsingar á www.intellecta.is

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Síðumúla 5 ■ 108 Reykjavík ■ sími 511 1225 ■ www.intellecta.is

Stálnaust

Stálnaust sérhæfir sig í smíðum á færriböndum og ýmsum lausnum fyrir matvælaíðnaðinn, ásamt því að annast alla aðra smíði úr ryðfríu stáli og áli.

Einnig bjóðum við uppá vatnsskurð á flestum eignum.

Óskum eftir að ráða

Járnsmiði vönum ryðfrírri smíði.

Kunnátta í rennismíði æskileg.

Upplýsingar gefur gefur Svanþór í síma 849-5846
svanhort@stalnaust.is

365 óskar eftir góðu fólki

365 ÓSKAR EFTIR ÖFLUGUM SÖLU- OG MARKAÐSFULLTRÚA Á FM 957 OG X977

Frekari upplýsingar veitir Svanur Valgeirsson, auglýsinga- og mannauðsstjóri, svanur@365.is. Áhugasamir sækja um á 365midlar.is. Umsóknarfrestur er til 21. mars 2015.

Fyllsta trúnaðar er gætt varðandi umsækjendur.

Starfið felst í sölu og ráðgjöf á auglýsingum á stöðvarnar.

Viðkomandi þarf að vera heiðarlegur og ábyrgur, úrræðagóður og með góða þjónustulund.

Launakjör eru árangurstengd og hér er því gott tækifæri fyrir metnaðarfullt fólk

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lífandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar: sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

Orkubú Vestfjarða - spennandi störf

Orkubú Vestfjarða óskar eftir að ráða kraftmikla einstaklinga til starfa á veitusviði. Ef þú vilt starfa hjá traustu og framsýnu fyrirtæki og búa í návígi við ægifagra náttúru er þetta tækifærið þitt! Orkubúið sinnir alhliða orkuvinnslu á Vestfjörðum ásamt dreifingu orkunnar til kaupenda hennar. Starfsmenn eru um 65 talsins og er hópurinn samheldinn og metnaður mikill. Höfuðstöðvar Orkubúsins eru á Ísafirði. Leitað er að einstaklingum í vinnuflokk sem er með starfsstöð á Patreksfirði.

Vélfræðingur - Vélstjóri

Starfssvið:

- Daglegur rekstur hitaveitu og kyndistöðvar
- Viðhald og nýframkvæmdir í veitukerfi
- Rekstur og viðhald díselvéla
- Bakvaktir
- Önnur tilfallandi verkefni á veitusviði

Hæfniskröfur:

- Vélstjórnarmenntun
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Almenn tölvufærni

Rafvirki - rafveituvirki

Starfssvið:

- Daglegur rekstur flutnings- og dreifikerfis
- Nýframkvæmdir
- Viðhald á há- og lágspennubúnaði
- Reglubundið eftirlit í veitukerfi
- Bakvaktir
- Önnur tilfallandi verkefni á veitusviði

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun/rafveituvirkjun
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Almenn tölvufærni

Orkubúið vill fjölga konum í störfum hjá fyrirtækinu. Konur sem og karlar eru því hvött til að sækja um störf.

TALENT
RÁÐNINGAR

Linnetsstigur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 29. mars 2015. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is



Drangey er verslun sem sérhæfir sig í að bjóða gott úrval af töskum, seðlaveskjum, hönskum og ekki síst ferðatöskum. Verslunin var stofnsett árið 1934 og hafa eigendur alla tíð verið óhræddir við að laga vöruúrvalið að eftirspurn viðskiptavina hverju sinni. Nánari upplýsingar á drangey.is

Upplýsingar veitir:

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. mars.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

Drangey í Smáralind óskar eftir að ráða starfsmann

Starfssvið

- Afgreiðsla, sala og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

Um hlutastarf er að ræða.

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunar- og/eða þjónustustörfum æskileg
- Frumkvæði og metnaður
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði og enskukunnátta er kostur
- Samvirkusemi og reglusemi



Reitir fasteignafélag er þjónustufyrirtæki á sviði útleigu á atvinnuhúsnæði. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum. Viðskiptavinir Reita eru um 400 talsins. Þeir stærstu eru ríki og sveitarfélög, félög í eigu Haga og Icelandair Hotels. Hjá Reitum starfa um 20 manns.

Upplýsingar veitir:

Elísabet Sværissdóttir
elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 24. mars.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

Verkefnastjóri eignaumsýslu

Reitir fasteignafélag óskar eftir að ráða verkefnastjóra til þess að annast umsýslu á viðhaldi, rekstri og framkvæmdum við fasteignir í eigu félagsins.

Starfssvið

- Umsjón með viðhaldi og framkvæmdum á fasteignum
- Mat á ástandi eigna og viðhaldspörf
- Kostnaðar- og gæðaeftirlit
- Samningur við verktaka og þjónustuaðila
- Önnur verkefni tengd eignaumsýslu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði bygginga-, tækni- eða verkfræði
- Reynsla eða menntun í iðngrein er mikill kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg
- Rík þjónustulund og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Greiningarhæfni, vandvirkni og sjálfstæð vinnubrögð

Vilt þú vinna hjá öfluggu bílaumboði?



Vélvirkjar og bifvélavirkjar

Bílaumboðið Askja óskar eftir að ráða færa vél- og/eða bifvélavirkja til starfa í fjölbreytt störf innan fyrirtækisins. Boðið er upp á úrvals vinnuástöðu til þjónustu og viðgerða á Mercedes-Benz og Kia bifreiðum í húsnæðum Öskju við Krókháls og Klettháls í Reykjavík. Askja býður upp á virka þjálfun og endurmenntun starfsmanna samkvæmt gæðastöðlum framleiðenda sem eru þeir fremstu í heiminum í dag.

Fólksbílaverkstæði

Ábyrgð og verkefni:

- Öll almenn viðhalds- og viðgerðarvinna
- Meðhöndlun bilanagreininga
- Miðlun þekkingar til starfsfélaga
- Starfa eftir öryggisreglum Öskju og gæðakröfum framleiðenda

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í bifvélavirkjun og/eða haldbær reynsla af störfum bifvélavirkja
- Gilt bílpróf
- Öguð, snögg og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð og fagleg framkoma, snyrtimennska og stundvísi
- Almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Áhugi á þróun í starfi og vilji til að kynna sér tækninýjungar

Vinnutími á verkstæðum er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8:00 - 17:00 og föstudaga frá kl. 8:00 - 16:00.

Söluskoðanir

Ábyrgð og verkefni:

- Framkvæmd söluskoðana
- Miðlun þekkingar til starfsfélaga
- Starfa eftir öryggisreglum Öskju og gæðakröfum framleiðenda

Hæfniskröfur:

- Haldbær reynsla af störfum bifvélavirkja
- Gilt bílpróf
- Öguð, snögg og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð og fagleg framkoma, snyrtimennska og stundvísi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Vinnutími í söluskoðunum er alla virka daga frá kl. 8:00 - 17:00.

Umsóknir óskast sendar á netfangið atvinna@askja.is
Umsóknarfrestur er til 29. mars 2015.

Atvinnubílaverktæði

Ábyrgð og verkefni:

- Öll almenn viðhalds- og viðgerðarvinna
- Meðhöndlun bilanagreininga
- Miðlun þekkingar til starfsfélaga
- Starfa eftir öryggisreglum Öskju og gæðakröfum framleiðenda

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í bifvélavirkjun og/eða haldbær reynsla af störfum bifvélavirkja
- Gilt bílpróf, meirapróf kostur
- Öguð, snögg og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð og fagleg framkoma, snyrtimennska og stundvísi
- Almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Áhugi á þróun í starfi og vilji til að kynna sér tækninýjungar

Vinnutími á verkstæðum er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8:00 - 17:00 og föstudaga frá kl. 8:00 - 16:00.

VERKFRÆÐINGUR

Trivium ráðgjöf leitar að jákvæðum og metnaðarfullum verkfræðingi með M.Sc. próf í hljóðverkfræði. Ekki er gerð krafa um starfsreynslu en mikil áhersla lögð á að umsækjandi geti unnið sjálfstætt í verkefnum félagsins, bæði á Íslandi og í Noregi. Umsækjandi sé góður í mannlegum samskiptum, vel ritfær, hafi gott vald á íslensku, a.m.k. einu Norðurlandamáli og ensku.

Trivium ráðgjöf er í samstarfi við VSÓ ráðgjöf og er skrifstofa félagsins í Borgartúni 20.

Upplýsingar um starfið veitir Ólafur Hjálmarsson verkfræðingur (netfang: olafur@trivium.is).

Umsóknnum skal fylgja stutt lýsing á náms- og starfsferli ásamt meðmælum. Þessi gögn skulu send ásamt umsókn með tölvupósti á netfangið olafur@trivium.is fyrir 7. apríl nk. Öllum umsóknnum og fyrirspurnum verður svarað.

Fyllsta trúnaðar er gætt.



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa / Bókhaldsdeild

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við Agresso fjárhags- og upplýsingakerfi. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og krefst vinnan skipulagshæfni og nákvæmni.

Agresso ráðgjafi

Bókhaldsdeild Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar rekur bókhaldsþjónustu vegna A-hluta borgarsjóðs þ.e. Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Bílastæðasjóðs, móttöku og bókun reikninga, afstemmingar ofl. og skapar yfirsýn yfir rekstrarþætti innan borgarinnar sem koma beint eða óbeint með upplýsingar inn í fjárhagsbókhald borgarinnar, þar með talið frá öðrum kerfum. Bókhaldið hefur einnig eftirlit með þessum þáttum og upplýsir ábyrgðaraðila um hugsanlega formgalla og skekkjur sem kunna að koma upp. Bókhaldsdeild hefur einnig umsjón með Agresso fjárhagsbókhaldskerfi Reykjavíkurborgar, þjónustu við notendur, kennslu, uppsetningu samþykktarferla, ráðgjöf og samræmingu á notkun Agresso.

Helstu verkefni:

- Þátttaka í daglegum rekstri Agresso þjónustu Reykjavíkurborgar
- Teymisvinna með öðrum sérfræðingum Agresso
- Möguleg verkefnastjórnun nýjunga og eftirfylgni
- Samskipti og leiðbeiningar til stjórnenda vegna Agresso
- Samþætting kerfa
- Innleiðing nýjunga

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, tölvunarfræði, tæknifræði eða sambærileg menntun og/eða yfirgrípsmikil þekking á Agresso eða öðrum bókhaldskerfum.
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Greiningarhæfni
- Þekking á SQL æskileg
- Þekking á rafrænum ferlum og rafrænum reikningum æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til og með 29.mars 2015.

Nánari upplýsingar veita Jónas Skúlason, deildarstjóri Bókhaldsdeildar í síma 411 3701, netfang: jonas.skulason@reykjavik.is og Snorri Snorrason, Agresso sérfræðingur í síma 411 3745, netfang: snorri.snorrason@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurbogar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

BÍLALEIGAN ÍSAK ÓSKAR EFTIR BÍFVÉLAVIRKJA EÐA EINSTAKLINGI MEÐ REYNSLU Í VIÐGERÐUM OG VIÐHALDI BREYTTA ÖKUTÆKJA

Bílaaleigan Ísak er sérhæfð jeppabílaaleiga með aðaláherslu á breyttar Land Rover bifreiðar. Óskað er eftir einstaklingi sem hefur áhuga á að taka að sér fjölbreytt starf með aðaláherslu á viðhald og viðgerðir en einnig þjónustu við viðskiptavini. Starfið heyrir undir rekstrarstjóra Bílaaleigunar Ísak

Starfssvið

- Viðgerð og viðhald bifreiða
- Afhending og móttaka bifreiða
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun og hæfniskröfur

- Bifvélavirki eða reynsla sem nýtist starfi
- Gott vald á ensku og íslensku
- Þjónustulund, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Kerrupróf (BE-réttindi)

Áhugasamir hafi samband í síma eða með tölvupósti sé frekari upplýsinga óskað.

Umsækjendur sendi umsókn og ferilskrá með minnst tveimur umsagnaraðilum í tölvupósti á netfangið info@isak.is fyrir 23.3.2015 merkt starfsúmsókn.

www.isak.is / info@isak.is / s. 5448860

AUGLÝSINGASTJÓRI ÓSKAST



Vegna aukinna verkefna óskar Birtingur útgáfufélag eftir að ráða auglýsingastjóra. Reynsla og þekking á auglýsingamarkaðnum er skilyrði. Við leitum að starfsmanni sem er jákvæður, sjálfstæður í vinnubrögðum og hefur góða samstarfshæfni.

Starfið er krefjandi og því leitum við að öflugum starfsmanni sem sýnir frumkvæði og hefur áhuga á auglýsingabirtingum.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir á netfangið: olafur@birtingur.is.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



BIRTINGUR
ÚTGÁFUFEÐLAG



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Haf- og fiskirannsóknir í þágu þjóðar

Stöður sérfræðinga

Haffrannsóknastofnun auglýsir þrjár stöður sérfræðinga. Um er að ræða eina stöðu sérfræðings í uppsjávarfiskum með áherslu á bergmálmælingar og stofnmat, og tvær stöður sérfræðinga í botnfiskum með áherslu á líffræði og stofnmat. Störfin eru fjölbreytt og krefjandi framtíðarstörf þar sem umsækjendum er ætlað að stýra rannsóknnum á ofangreindum sviðum. Starfsstöð er í Reykjavík.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistara- eða doktorspróf í fiskifræði/sjávarlíffræði
- Reynsla af rannsóknvinnu og stofnstærðarútreikningum
- Reynsla af notkun gagnagrunna og gagnauvinnslu
- Góð þekking í tölfærni og stærðfræði
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð í starfi
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu
- Gott vald á íslensku og ensku og hæfni til að miðla upplýsingum

Um er að ræða fullt starf og eru laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl n.k.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skal senda á póstfangið hafro@hafro.is. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur S. Ástþórsson (osa@hafro.is, sími 5752000), aðstoðarforstjóri rannsókna.

Haffrannsóknastofnun er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafnsins. Mikill hluti starfsmanna tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar haffrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur 5 útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlíffræði, tvö rannsókn skip og hefur að jafnaði um 140-150 starfsmenn í þjónustu sinni.

Sumarvinna

Garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkurráðgjafaráðs leitar að rösku fólki til starfa sumarið 2015

Um er að ræða störf í Fossvogskirkju-
garði, Gufuneskirkjugarði, Hólavallagarði
við Suðurgötu og Kópavogskirkjugarði.
Ráðningartími er frá 27. maí, u.þ.b.
10 - 11 vikna tímabil.

Leitað er að starfsfólki í almenn garðyrkju-
störf, í flokksstjórnstörf og einstaklingum
með dráttarvélartími. Laun eru greidd
samkvæmt taxa stéttarfélagssins Eflingar.

Þeir, sem hug hafa á að sækja um
sumarvinnu hjá Kirkjugörðunum, athugi
eftirfarandi skilyrði fyrir ráðningu:

- Umsækjandi sé fæddur árið 1998
eða fyrr.
- Umsókn berist skrifstofu Kirkju-
garðanna í Fossvogi fyrir
1. apríl 2015.

Hægt er að fylla út umsókn á
heimasíðunni www.kirkjugardar.is og
senda rafrænt.

Umsóknareyðublöð eru einnig afhent á
skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi og
í Gufunesgarði, þar er hægt að fá
upplýsingar um starfið.

Skrifstofusímar eru: 585-2700 og 585-
2770. Myndsími er 585-2701.
Heimilisfang: Vesturhlíð 8 105 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um Kirkju-
garðana má nálgast á Netinu:
<http://www.kirkjugardar.is>
(upplýsingar um
sumarstörf).



oryggi.is

Þjónustufulltrúi

Öryggismiðstöðin auglýsir eftir töluglögum og brosmildum starfsmanni í þjónustuver

Helstu verkefni:

- Reikningagerð, útreikningar og afstemming verkefna
- Þátttaka í öðrum verkefnum þjónustuvers
- Svára fyrirspurnum viðskiptavina samkvæmt þjónustu-
og gæðamarkmiðum

Hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að vera sérfræðingur í reikningagerð
og afstemmingu verkefna
- Reynsla á því sviði mjög æskileg, helst úr tæknigeiranum
- Mjög góð íslensku- og tölvukunnátta
- Þekking á Navision Attain æskileg
- Kostur að viðkomandi hafi lokið almennu skrifstofunámi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og jákvæðni

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Eva Helgadóttir. Umsókn skal senda á netfangið
atvinna@oryggi.is merkt „Þjónustufulltrúi“.
Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá ásamt
kynningarbréfi.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
Öllum umsækjendum verður svarað.

Umsóknarfrestur:

Til og með 27. mars 2015



Öryggismiðstöðin var stofnuð árið 1995 og býður upp á lausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir
fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin hefur á undanförunum árum hlotið
viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki ársins.

Gildi fyrirtækisins eru forysta, umhyggja og traust.



Öryggismiðstöðin | Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 | oryggi.is

Verkefnastjóri innkaupamála

Isavia leitar að öflugum starfsmanni á fjármálasvið félagsins

Verkefnastjóri innkaupamála verður leiðandi í að efla
innkaupahlutverk sviðsins, sem felst meðal annars
í yfirumsjón með framkvæmd, samræmingu og þróun
innkaupa, auk þess að aðstoða innri viðskiptavini og
veita þeim ráðgjöf við innkaup.

Umsóknir:

Nánari upplýsingar um starfið veitir deildarstjóri fjárreiðudeildar,
Ingi J. Erlingsson á netfangið ingi.erlingsson@isavia.is.

Umsóknum skal skilað á rafrænu formi á www.isavia/atvinna.

Umsóknarfrestur er til og með 23. mars 2015.

Helstu verkefni:

- Ráðgjöf við innri viðskiptavini á sviði innkaupamála
- Aðstoð við og eftirlit með gerð útboðsgagna
- Framkvæmd og úrvinnsla útboða
- Eftirlit með innkaupum
- Gerð innkaupa- og verksamninga

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla af innkaupum nauðsynleg
- Þekking á útboðsgögnum vegna útboða
- Þekking á lögum/reglum er varða opinber innkaup æskileg
- Reynsla af samningagerð æskileg



Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 850 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.



Öflugir liðsmenn óskast

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur öflugt fólk í hóp hæfra og skemmtilegra starfsmanna

Arctic Trucks er þjónustufyrirtæki sem vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Arctic Trucks hefur sérhæft sig í jeppabreytingum og er þekkt vörumerki á því sviði víða um heim.

FERÐAÞJÓNUSTA

Okkur vantar lipran aðstoðarmann til að sinna fjölbreyttum verkefnum fyrir ferðaþjónustuna okkar og verslun. Hlutastarf kemur til greina. Arctic Trucks Experience býður uppá „self-drive“ ferðir um hálendi Íslands, sjá www.atx.is.

Helstu verkefni:

- Aðstoð við skipulagningu og rekstur ferða
- Utanumhald um eignir
- Tilboðsgerð
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Nám í ferðamálafræðum er kostur
- Mjög góð enskukunnátta
- Áhugi og þekking á jeppum
- Bilpróf
- Frumkvæði, sjálfstæði og jákvæðni

VERSLUN

Ert þú öflugur sölumaður með brennandi áhuga á jeppum? Þá erum við að leita að þér!

Helstu verkefni:

- Sölumennska og afgreiðsla
- Skipulagning sölugerða
- Verkstæðismóttaka
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölumennsku
- Þekking á jeppum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Framúrskarandi þjónustulund

BREYTINGAVERKSTÆÐI

Við leitum að starfsmanni með góða þekkingu á jeppum og jeppabreytingum.

Helstu verkefni:

- Jeppabreytingar
- Ásetning aukahluta
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Reynsla af breytingavinnu
- Lönmenntun er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Vandvirkni og samviskusemi

DEKKJAVERKSTÆÐI

Okkur vantar vanan dekkjamaðmann sem hefur reynslu af því að vinna með jeppadekk.

Helstu verkefni:

- Almenn dekkjavinna
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Reynsla af dekkjavinnu, helst jeppadekkjum
- Lönmenntun er kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Vandvirkni og samviskusemi

Umsóknarfrestur er til 23. mars.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@arctictrucks.is

Nánari upplýsingar veitir Hallveig Andrésdóttir í síma 540 4911

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is



Hjúkrunarheimilið Eir óskar eftir matreiðslumanni í framtíðarstarf

Vinnutími: Dagvinna og önnur hver helgi.

Upplýsingar veitir Gunnar J. Einarsson forstöðumaður eldhúss. eldhus@eir.is

Eir hjúkrunarheimili
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík
Sími 522 5700



Bláskógabyggð

Bláskógabyggð auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður skólastjóra, aðra í Bláskógaskóla á Laugarvatni og hina í Reykholti

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samrekin leik- og grunnskóli. Í skólanum eru nú 35 börn á grunnskólastigi og 24 í leikskóla-deild. Bláskógaskóli í Reykholti er grunnskóli þar sem nú eru um 90 nemendur. Skólarnir tveir hafa verið hluti af sameinuðum Bláskógaskóla, en verða frá og með næsta hausti sjálfstæðar rekstrareiningar.

Sveitarfélagið leitar að einstaklingum sem hafa áhuga á að leiða skólastarf þar sem stuðlað er að einstaklingsmiðuðu námi og fjölbreyttum, skapandi og hvetjandi kennsluháttum. Áhersla er á öflugt samstarf milli heimila og skóla og góð tengsl við grenndarsamfélagið. Sjá nánar í skólastefnu Bláskógabyggðar (http://blaskoli.blaskogabyggd.is/Skolinn/Skolastefna_Blaskogabyggdar/) og auglýsingu á heimasíðu Bláskógabyggðar (www.blaskogabyggd.is).

Umsóknir skulu berast skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, 801 Selfoss í síðasta lagi 27. mars næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir Valtýr Valtýsson sveitarstjóri í síma 480 3000 eða 863 6663, netfang: valtyr@blaskogabyggd.is



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

Laus er til umsóknar staða safnstjóra Listasafns Reykjavíkur.

Um safnið:

Listasafn Reykjavíkur hýsir þrjú megin söfn í þremur sýningarhúsum; safn Ásmundar Sveinssonar í Ásmundarsafni, safn Jóhannesar Kjarvals á Kjarvalsstöðum og safn verka Erró í Hafnarhúsi. Safnið skal einnig safna, skrá, varðveita og sýna svo fullkomið safnið íslenskrar myndlistar sem unnt er; rannsaka og sinna fræðslu um myndlist m.a. með fjölbreyttu sýningarhaldi, fyrirlestur, leiðsögn, útgáfustarfsemi og útlánum verka og stuðla þannig að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með helstu straumum og stefnum í myndlist innanlands og á alþjóðavettvangi.

Listasafn Reykjavíkur hefur jafnframt umsjón með myndverkum á almannafæri í eigu borgarinnar.

Listasafn Reykjavíkur starfar samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 og lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011, síðareglur ICOM - Alþjóðaráðs safna, menningarstefnu, ferðamálastefnu og samþykktir Reykjavíkurborgar. Sjá nánar um hlutverk og starfsemi á safnsins <http://www listasafnreykjavikur.is>.

Ábyrgðarsvið safnstjóra:

- Listrænn stjórnandi með ábyrgð á sýningadagskrá og annarri faglegri starfsemi safnsins í samræmi við alþjóðlegar síðareglur, lög og samþykktir.
- Ábyrgð á stjórnun, rekstri og stjórnsýslu safnsins. Undir verkum heyrir fjármál, starfsmannamál og framkvæmd ákvarðana menningar- og ferðamálaráðs og borgaryfirvalda sem að safninu snúa.
- Safnstjóri skipuleggur þjónustu safnsins gagnvart borgarbúum og gestum.

Kröfur til umsækjenda:

- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi.
- Víðtæk þekking á innlendri og alþjóðlegri myndlist.
- Góð þekking á starfsemi og rekstri listasafna.
- A.m.k. 5 ára stjórnunarreynsla.
- Reynsla af alþjóðlegri samvinnu á vettvangi myndlistar.
- Sannfærandi leiðtogaþæfileikar, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tungumálakunnátta og mikil hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er kostur.

